

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslensku- og menningardeild

Endurunnar staðalmyndir og óttinn við Austrið

*Greining á verkinu Þjóðarplágan íslam í ljósi kenninga
Edwards Said og viðtökufræðanna*

Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði

Bryndís Silja Pálmadóttir

Kt.: 270992-2509

Leiðbeinandi: Benedikt Hjartarson

Janúar 2017

Ágrip

Í ritgerðinni er leitast við að greina og kortleggja þá orðræðu sem birtist í verkinu *Þjóðarplágan íslam* eftir Hege Storhaug. Þær hugmyndir sem birtast í verkinu eru m.a. skoðaðar í ljósi kenninga Edwards Said um óríentalisma sem birtust fyrst í verkinu *Orientalism* árið 1978. Einnig verður verkið skoðað út frá samræðu höfundar og lesanda með hliðsjón af kenningum fræðimannanna Wolfgangs Iser og Hans Roberts Jauss og sú umræða tengd hugmyndum um menningarlegt minni. Ritgerðin er í þremur þáttum. Í fyrsta lagi er sú orðræða sem birtist í verkinu *Þjóðarplágan íslam* skoðuð í ljósi kenninga Edwards Said og þær hugmyndir sem koma fram í verkinu um „okkur“ og „hina“ kannaðar út frá hugmyndum um Vestrið (Occident) og Austrið (Orient). Gerð er grein fyrir hugmyndum Saida um staðalmyndina um arabann sem mótaðist með orðræðu óríentalisma og leitast er við að greina hvort orðræða *Þjóðarplágan íslam* falli undir orðræðu óríentalisma. Í öðru lagi er samræða lesanda og höfundar skoðuð með tækjum bókmenntafræðanna. Í þriðja lagi eru þær hugmyndir sem birtast í verkinu um yfirburði Evrópu skoðaðar í ljósi mannkynbóta og hugmynda um yfirburði Vestursins og Evrópu.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1. Inngangur	4
2. Austrið og ógnin í Vestri.....	7
2.1 <i>Hinn illi arabi</i>	9
2.2 <i>Orðræða óríentalismans í Þjóðarplágunni íslam</i>	12
2.3 <i>Píslarvottar í Vestri</i>	13
3. Samræða höfunds og lesanda.....	17
3.1 <i>Fræðikonan Storhaug</i>	20
3.2 <i>Endurminningar Evrópu: frásagnarfræði og ímyndunarafl</i>	21
3.3 <i>Að skrifa inn í hugmyndafræði</i>	24
4. Hin eilífa Evrópa	26
4.1 <i>Yfirburðir móður Evrópu</i>	28
4.2 <i>Mannkynbætur og meinin meðal okkar</i>	30
4.3 <i>Óttinn við hrun Evrópu</i>	32
5. Niðurlag: Vörn Vestursins og Zíon í Austri	35
Heimildaskrá	38

1. Inngangur

Hin gildishlaðna hugmynd um þjóð og þjóðríki hlaut sívaxandi meðbyr á síðustu öldum og hafði mikil áhrif á breytt landslag alþjóðasamfélagsins á 19. öld. Þessar hugmyndir áttu þátt í tiltekinni endurskilgreiningu á hugmyndum um hvernig ríki ættu að vera mynduð, það er af hópi fólks með sameiginleg einkenni, trúarbrögð eða tungumál. Hugmyndin um þjóð mótaðist þar með bæði á grundvelli þess hverjir tilheyrðu tiltekinni þjóð og um leið á hugmynd um hverjir tilheyrðu henni ekki. Hugmyndin um ólíkar þjóðir, með ólík sérkenni, skerpti línurnar á milli þeirra sem tilheyrðu tilteknum hópum og þeirra sem ekki tilheyrðu honum. Slíkri mótun sjálfsmýndar fylgdu ákveðnar hugmyndir um það hverjir og hvernig *hinir* væru, þeir sem ekki tilheyrta *okkur*. Upp úr þessu spratt svo þjóðernishyggjan sem fræðimenn eru almennt sammála um að eigi uppruna sinn að rekja til Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku undir lok 18. aldar.¹ Í síðari tíð, með aukinni hnattvæðingu, er fólksflutningar urðu algengari og landamæri heimsins opnuðust ört, hófu margir að efast um skilgreiningu hugmyndarinnar um þjóð og landamæri. Hugmyndir tengdar þjóðernishyggju fengu minni meðbyr og breyttust jafnvel, meiri hreyfing var á fólki milli landa og alþjóðastofnanir líkt og Evrópusambandið höfðu áhrif á hugmyndir fólks um landamæri, þjóðríki og völd þeirra. Á síðustu tíu árum hefur þó örlað á breytingu þessarar umræðu í vestri, meðal annars um gildi Evrópu. Skilgreiningin og aðgreiningin í „okkur“ í vestri og „hina“ er skyndilega áberandi í fjölmiðlum, stefnumótun ríkisstjórna og víðar. Aukinn flóttamannastraumur, innflytjendur í Evrópu og Norður-Ameríku og átök í austri hafa fengið flest öll lönd í hinu svokallaða *vestri* til að endurskoða sjálfsmýnd sína, opna umræðu um lokun landamæra og leitt til deilna meðal stjórnámálanna um skilgreininguna á *okkur*. Breskur almenningur kaus til að mynda á síðasta ári að segja sig úr Evrópusambandinu og raddir sem tala fyrir lokun landamæra verða sífellt háværari.²

Árið 2015 kom út bók í Noregi undir frumheitinu *Den 11. nationsplage* eftir Norðmanninn Hege Storhaug. Verkið var tæpu ári síðar þýtt yfir á íslensku af Magnúsi Þóri Hafsteinssyni undir heitinu *Þjóðarplágan íslam* og gefið út af útgáfufyrirtækinu Tjáningarfrelsið. Skömmu síðar sendi útgáfufyrirtækið bókina til 3000 einstaklinga á

¹ Unnur B. Karlsdóttir, *Mannkynbætur: Hugmyndir um bættu kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998), bls. 69.

² Alex Hunt og Brian Wheeler, „Brexit: All you need to know about the UK leaving the EU“, *BBC*, „BBC news“, 12. desember 2016, 30. kafli, <<http://www.bbc.com/news/uk-politics-32810887>>, sótt 17. desember 2016.

Íslandi sem nýverið höfðu útskrifast úr meistara- og doktorsnámi, auk íslenskra stjórnámálanna. Af þessu að dæma má ætla að útgefandi verksins hér á landi hafi gert ráð fyrir því að ef verkið hlyti töluverða útbreiðslu myndi það skapa mikla umræðu hér á landi og hafa áhrif á skoðun almennings á trúarbrögðunum íslam. Verkið hlaut vissulega umræðu í fjölmiðlum, sérstaklega með komu höfundar til landsins, og þegar upp komst að bóksalar hefðu í töluverðan tíma reynt að fela bókina.³

Verkið er eitt af mörgum sem rituð eru, undir svipuðum formerkjum, af vestrænum höfundum með mismikla sérþekkingu á málefnum Mið-Austurlanda og íslam. Þetta eru verk sem eiga það sameiginlegt að fjalla um neikvæð gildi trúarbragðanna íslam og meinsemd þeirra í vestrænum samfélögum. Nafn verksins *Þjóðarplágan íslam* er til að mynda sérstaklega gildishlaðið í íslensku þýðingunni. Þar er beinlínis gefið til kynna að trúarbrögðin íslam séu plága á þjóðfélagi „okkar“, en plágum þarf gjarnan að útrýma. Höfundur kveðst búa yfir ákveðinni sérþekkingu en hún dvaldi um tíma í Pakistan. Eitt af því sem er áberandi í orðræðu verksins er umræðan um „okkur“ í Vestrinu og „hina“, þ.e. múslima. Aðgreiningin á milli „okkar“ og „hinna“, sem eiga uppruna sinn að rekja til ríkja í austri er sérstaklega skýr í verkinu. Eitt dæmi um slíkar hugmyndir í verkinu snýst um „hina“ sem hafa „komið sér fyrir“ innan landamæra okkar: „Nú stendur yfir þriðja jihad gegn Evrópu. Í þetta sinn kemur jihadið fyrst og fremst frá borgurum og hreyfingum sem hreiðrað hafa um sig innan landamæra okkar“⁴ Í verkinu virðast hugmyndir á borð við þessar miða að því að vekja athygli lesanda með því að minna hann á aðgerðarleysi stjórnvalda og fræðasamfélagsins varðandi ógnina af íslam í Evrópu. Skýr lína er dregin milli trúarbragðanna íslam og Evrópu, þannig að gengið er út frá því að trúarbrögðin geti ekki átt hlutdeild í eða verið hluti af samfélögum Evrópu. Fyrir á öldum mótaði Evrópa að miklu leyti eigin sjálfsmynd með landvinningum fjarlæggra landa þar sem orðræðan var gjarnan byggð á fyrirframgefnum hugmyndum um tiltekin svæði. Evrópubúar hafa einnig aðgreint sig frá öðrum þjóðum á grundvelli litarhafts, kynþáttar og trúarbragða

³ Áslaug Karen Jóhannsdóttir og Jóhann Páll Jóhannsson, „Bókabúðir fela áróðursbók gegn múslimum – höfundur æfur“, *Stundin*, 10. maí. 2016, < <http://stundin.is/frett/bokabudir-fela-arodursbok-hofundur-thjodaplagunnar>>, sótt 18. desember 2016.

⁴ Hege Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, þýðandi Magnús Þór Hafsteinsson (Reykjavík: Tjáningarfrelsið: 2016), bls 34. Í orðræðu verksins er greinilegt að höfundur og þýðandi gefa hugmyndinni um jihad neikvæða merkingu, þar sem trúarboð múslima á Vesturlöndum og það sem höfundur kallar „trúskiptinga“ er neikvætt gildishlaðið. Samkvæmt orðskýringum þýðanda sem birtar eru fremst í verkinu er jihad „trúarleg skylda múslima til að heysa baráttu fyrir trú sinni“. Þýðandi fjallar um að orðið geti haft mismunandi merkingu fyrir múslima en geti bæði þýtt vopnaða baráttu eða friðsamlega baráttu eða trúboð. Hér er einnig vert að benda á að samkvæmt skilgreiningu Isers má túlka umfjöllunina um jihad sem eyðu. Fjallað er um kenningar Iser hér í framhaldi.

þeirra þjóða sem evrópskir landkönnuðir mættu í leiðöngrum sínum til fjarlæggra slóða.⁵ Eftir að nýlendur Evrópu fengu frelsi á 20. öldinni varð ljóst að ýmsu var ábótavant í orðræðunni um þessi tilteknu svæði. Orðræðan bar sterkan keim af textum vestrænna fræðimanna og höfunda, hvort sem um var að ræða fagurbókmenntir eða fræðitexta. Þetta hafði að sjálfsögðu áhrif á pólitíska ákvarðanatöku og mótar enn þann dag í dag, að mörgu leyti, heimssýn Vestursins á svæði fyrrum nýlendna Vestursins. Upp úr þessum hugmyndum spruttu eftirlendufræðin (e. post-colonialism). Einn áhrifamesti eftirlendufræðingurinn er palestínski bókmenntafræðingurinn Edward Said. Hann er fæddur í Jerúsalem í Palestínu, en fluttist síðar til Bandaríkjanna þar sem hann kenndi við Columbia háskólann.⁶ Á 8. áratug síðustu aldar skrifaði Said verkið *Orientalism*,⁷ en það átti stóran þátt í því að móta eftirlendufræðin til frambúðar. *Orientalism* fjallar um og greinir orðræðu Vestursins (Occident) um Austrið (Orient). Greining Said fólst í því að rannsaka texta eftir vestræna fræðimenn og skáld, sem fjölluðu um Austrið. Í textunum fann hann skýrt mótaðar hugmyndir um Austrið og íbúa þess. Þrátt fyrir að verkið sé skrifað fyrir hartnær 40 árum má færa rök fyrir því að þær hugmyndir sem Said setur fram í verkinu, um sjálfsmynd Evrópu, stöðnun Mið-Austurlanda og ákveðinnar eðlishyggju, eigi að mörgu leyti ennþá við. Said bendir til að mynda á ákveðna orðræðu órientalismans sem felur í sér það að arabinn er túlkaður á margskonar hátt í menningunni. Strax eftir síðari heimstyrjöldina varð greinilegt að hin arabísku sagnaminni fólu í sér eitthvað skammarlegt. Arabinn hafði breyst frá því að vera ógreinileg staðalmynd (e. stereotype) í að verða viðtekin skopstæling og ímynd vangetu og ósigurs.⁸

Þjóðarplágan íslam er verk sem fjallar um ógnina sem höfundur og þýðandi telja stafa af íslam í Evrópu og víðar. Megin viðfangsefni verksins er því múslimar í Evrópu og íslam samtímans en ekki arabinn. Samt sem áður, þar sem staðalmyndin af arabanum og múslimanum virðist gjarnan falla saman þá má segja að staðalmyndin eigi við um báða hópa. Samkvæmt Said voru ýmsar myndir notaðar til þess að lýsa

⁵ Unnur B. Karlsdóttir, *Mannkynbætur*, bls. 67.

⁶ Stór hluti sjálfsmyndar Said snerist um stöðu hans sem Palestínumanns, sem neyddur var í útleið eftir stofnun Ísraelsríkis og hernám Jerúsalem árið 1967. Á sama tíma leit Said á sig sem Bandaríkjamann og upp úr þessum samruna sjálfsmynda austurs og vesturs, ásamt baráttu hans fyrir réttindum Palestínumanna, spretta textar hans. Sjá: Bill Ashcroft og Pal Ahluwalia, *Edward Said* (London og New York: Routledge, 1999), bls 6.

⁷ *Orientalism* var fyrst gefin út árið 1978 og átti stóran þátt í að móta rannsóknir og skrif í eftirlendufræðum til frambúðar. Eftirlendufræðin eru gagnrýnið, þverfaglegt svið þar sem fengist er við afleiðingar evrópskar nýlenduhyggju.

⁸ Edward Said, *Orientalism* (5. útg., London: Penguin Group, 2003), bls. 285.

fjarlægum slóðum Austursins. Austrið var til að mynda *barnalegt, örökrétt, sigrað og öðruvísi* á meðan Evrópa var túlkuð sem *raunsæ, þroskuð og eðlileg*.⁹

Verkið *Þjóðarplágan íslam* er sérstaklega aðgengilegt í íslenskri þýðingunni, hægt er að nálgast sýnishorn úr því á netinu, auk þess sem það er nokkuð auðlesanlegt fyrir hinn almenna lesanda. Verkið er að mörgu leyti samræða höfundar við lesendur því Storhaug varpar gjarnan fram spurningum sem hún svarar svo jafnharðan sjálf. Þetta er í takt við þá mynd sem er máluð af höfundi aftan á bókinni, þar sem hún er sögð hafa aflað sér mikillar þekkingar um „menningarheim íslams“. Höfundur er nálægur sögumaður sem leiðbeinir lesanda í gegnum verkið, líkt og nemandi sem hann ávarpar gjarnan með ákalli eða fróðleik undir formerkjunum „við“: „Íslömsk þjóð er meðal okkar í Noregi“.¹⁰ Í ritgerðinni verður leitast við að greina orðræðu verksins og þær hugmyndir sem birtast í því. Einnig er leitast við að skoða með hvaða hætti kenningar Edwards Said um óríentalismann varpa ljósi á hugmyndir um íslam í nútíma samfélagi Vestursins. Ritgerðin er í þremur meginköflum. Í öðrum kafla ritgerðarinnar, sem fylgir hér beint á eftir inngangi, er ofangreint verk, *Þjóðarplágan íslam* greint út frá hugmyndum og kenningum Says um óríentalismann og orðræða höfundar skoðuð sérstaklega með tilliti til greiningarmáta óríentalismans og þeirra hugmynda sem birtast í verkinu um „okkur“ sem tilheyrum Vestrinu og „hina“. Gerð verður grein fyrir ýmsum staðalmyndum og hugmyndum um araba, íslam og múslima sem hafa verið ríkjandi bæði í orðræðu og dægurmenningu Vestursins síðustu aldir. Í þriðja kafla er leitast við að greina hvernig höfundur miðlar þeim hugmyndum sem fjallað er um í öðrum kafla til lesanda. Þar er m.a. samræða lesanda og höfundar skoðuð út frá kenningum viðtökufræðanna. Í fjórða kaflanum er fjallað um þær hugmyndir sem birtast í verkinu um yfirburði Evrópu út frá hugmyndum um mannkynbætur, hnignun álfunnar og yfirburði svæðisins.

2. Austrið og ógnin í Vestrinu

„Nú stendur yfir þriðja jítihad gegn Evrópu. Í þetta sinn kemur jítihadið fyrst og fremst frá borgurum og hreyfingum sem hreiðrað hafa um sig innan landamæra okkar.“¹¹ Með þessum orðum ávarpar Hege Storhaug lesanda undir lok verksins *Þjóðarplágan íslam*, með viðvörun eins og má sjá. Framsetning sem þessi er gegnumgangandi í verkinu, þar

⁹ Said, *Orientalism*, bls. 40

¹⁰ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls 287.

¹¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 34.

sem höfundur leitast við að sannfæra lesandann um ógnina sem stafar af „hinum“. Með „hinum“ á höfundur við múslimska innflytjendur í Evrópu, sem hún telur stafa ógn af. Þessi skilgreining Storhaug á „hinum“ er þó fremur fljótandi, þrátt fyrir að hún geri tilraun til þess að skilja á milli ákveðinna hópa múslima. Ákall höfundar til lesandans magnast eftir því sem líður á verkið og hámarkast undir lok þess: „Ég held það sé orðið of seint að gera gangskör að því að lagfæra hlutina með mildum aðgerðum.“¹² Á sama tíma og Storhaug fjallar um ógn íslam í Evrópu vísar hún til þeirra sem hún kallar „frjálslynda múslima“, en það eru múslimar sem fara eftir þeim reglum sem höfundur telur „réttar“ í Evrópu og nefnir hún þetta fólk „Mekka-múslima. Undir lok verksins vitnar Storhaug í hina pakistönsku Nadiru Naipul: „[Nadira] deilir sömu reynslu og ég hef upplifað“¹³ Reynsla Storhaug verður hér jafn mikilvæg, eða jafnvel mikilvægari en reynsla pakistanskrar konu. Storhaug vitnar í hana og eignar sér þannig orð hennar:

Það er tími til kominn að frjálslyndir múslimar láti í sér heyra. ...Boðskapur minn til verjenda þessara rótföstu gettóhugmynda er þessi: farið heim til ykkar ef þið viljið iðka ykkar útgáfu af íslam. Hér er ekkert pláss fyrir það.¹⁴

Höfundur hvetur hér, í gegnum orð Naipul, ákveðinn hóp múslima til þess að láta í sér heyra. Með því ýtir hún undir þá hugmynd að múslimar séu einsleitur hópur innan Evrópu sem falli í einn flokk. Þar með beri múslimar ábyrgð hver á öðrum og beri sem slíkum að grípa til aðgerða gagnvart þeim sem brjóta af sér. Trúarbrögðin íslam og múslimar eru samkvæmt þessari sýn gestir í Evrópu, þá ætti að senda aftur „heim“ ef þeir passa ekki inn í það þjóðfélag og þau gildi sem Storhaug telur Evrópu einkennast af. Í orðræðu höfundar er Evrópa fastmótað fyrirbæri, með sameiginleg gildi, siðferði og kristna sögu. Hún leitast við að færa lesanda sönnun á þessari ógn með persónulegum upplifunum sínum og rannsóknum. „Með því tel ég mig hafa rétt fyrir mér með grunsemdum mínum“¹⁵ er dæmigerð fullyrðing fyrir verkið. Samkvæmt höfundu er þessi ógn, sem eitt sinn var fjarlæg í Austrinu, orðin að veruleika mitt á meðal „okkar“. Það er óhætt að segja að hinum aldagamla ótta við Austrið og hið ókunnuga hafi enn á ný verið varpað í huga Vesturlandabúa og er sá ótti magnaður upp með textum á borð við verk Storhaug. Þetta eru verk sem vinna með og nýta sér hræðslu lesanda við breytingar á samfélaginu. Í grein Jóns Ólafssonar, menningarfræðings, „Austur, vestur

¹² Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 416.

¹³ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 408.

¹⁴ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 409.

¹⁵ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 166.

og ógnin af fjölmenningu“, sem birtist í *Ritinu*, færir höfundur rök fyrir því að kristið siðferði sé ráðandi í heiminum. Kveður hann hollt að hafa það í huga þegar hugsað er um samband Austursins og Vestursins undanfarin ár.¹⁶ Söguleg sýn af þessu tagi er víðsfjarri í *Þjóðarplágunni íslam*. Austrið, og trúarbrögðin íslam, eru gerð fjarlæg lesandanum, þau er ekki hluti af *okkur* og geta ekki verið hluti af *okkur*. Í kaflanum sem hér fer á eftir verður gerð grein fyrir kenningum palestínska fræðimannsins Edwards Said, í verkinu *Orientalism*, ásamt því að skoða hugmyndirnar um „okkur“ og „hina“ í því riti. Færð verða rök fyrir því að yngri textar á borð við *Þjóðarpláguna íslam* falli undir þá orðræðu óríentalisma sem Said gerir grein fyrir í verki sínu.

2.1 Hinn illi arabi

Fastmótaðar hugmyndir um trúarbrögðin íslam hafa haft gífurleg áhrif. Afurð þeirra eru m.a. verk í anda *Þjóðarplágunnar íslam*. Allt frá fyrri heimstyrjöldinni hefur hinn arabíski múslimi orðið nokkurs konar persóna sem fengið hefur ákveðinn stall bæði í dægurmenningu, fræða-, stjórn mála- og viðskiptaheiminum. Alls staðar er athyglinni beint að arabanum.¹⁷ Í verkinu *Þjóðarplágan íslam* er unnið með þær rótgrónu hugmyndir að við í Evrópu séum ólík *hinum* sem búa handan manngerðra landamæra álfunnar. „Hinir“ eru ólíkir „okkur“ og eru í ákveðnu tilliti forsenda sjálfsmyndar „okkar“. Því það sem aðskilur Vestrið frá hinu ókunnuga, sameinar það einnig. Kaflaheiti: „Trúarlega virkir múslimar brátt í fleirtölu“¹⁸ og „Öfga-Noregur stækkar sífell“¹⁹ miða að því að stuða hinn vestræna lesanda og kynda undir ótta við að „hinir“ nái brátt völdum á kostnað okkar. Þetta eru þær hugmyndir sem Storhaug vinnur markvisst með, að „þetta fólk“ sé komið úr Austri í þeim tilgangi að taka frá *okkur* og breyta *okkar* afmarkaða heimi: “Ósló, höfuðborg Noregs, er að sjálfsögðu engin undantekning í Evrópu. Þar er nú verið að skipta upprunalegu norsku íbúunum út.”²⁰ Storhaug framandgerir „hina“ og skapar úr þeim óvin sem ber að óttast og sem horft er á utan frá. Óvinurinn er ólíkur okkur og hann vill taka eitthvað frá okkur, en hann er fyrst og fremst múslimi:

¹⁶ Jón Ólafsson, „Austur, vestur og ógnin við fjölmenningu“, *Ritið 1/2006*, 367-386, hér: bls. 268.

¹⁷ Said, *Orientalism* (5 útg., London: Penguin Group, 2003), bls. 284-285.

¹⁸ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 371.

¹⁹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 185.

²⁰ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 370.

Ég sé að peningaseðlar skipta um hendur. Til að ögra ekki skildi ég myndavélina mína eftir á hótelinu. Ég tek þó í flýti nokkrar myndir á farsímamann. Þar á meðal mynda ég þessa þrjá ungu menn. Tveir menn með rúmlega hnefálöng skegg, með íslamskar húfur, í kyrtlum og íþróttaskóm nálgast þá ákveðnum skrefum. Ég heyrir þá tala háværum röddum. Eitthvað hljómar eins og fyrirmæli.²¹

Þessa lýsingu má finna í kaflanum „Marseille – skýrsla frá hinni töpuðu borg“. Hér lýsir höfundur því þegar hún stendur nálægt hópi karlanna. Storhaug er leiðandi sögumaður sem upplýsir lesandann um aðstæður hverfa í Frakklandi. Hún horfir á mennina utan frá og dæmir. Vegna fyrirfram mótaðra hugmynda hennar um þennan tiltekna þjóðfélagshóp verða eðlilegir tilburðir úr daglegu lífi partur af einhverju stærra, hluti af ógninni hið innra. Hinn illi arabi er fæddur í eftirmiðdagsheimsókn höfundar á yfirráðasvæði Austursins í Vestrinu – Marseille.

Í verkinu *Orientalism* gerir Said grein fyrir hugmyndum Vestursins um Austrið, sem að hans mati eru rótgrónar í orðræðunni. Hann nefnir þessar hugmyndir *órientalisma* – eða hugmyndir um Austrið. Órientalismi er ákveðið form hugsunar innan Vestursins sem byggir á því að til staðar sé veru- og þekkingarfræðilegur aðskilnaður milli Austurs og Vesturs. Í tímans rás hafa svo fræðimenn, stjórnámálmenn, rithöfundar og fleiri samþykkt og staðfest þessa skilgreiningu milli Austurs og Vesturs²² og þykir hún nú sjálfgefin. Órientalismi tjáir styrk Vestursins á sama tíma og hann tjáir veikleika Austursins. Hugmyndirnar um mátt og veikleika eru inngrónar í órientalisma á meðan hann tekur þátt í að skipta heiminum upp og draga landamæri.²³ Nútímasaga Austursins litast óhjákvæmilega af afskiptum Vestursins á svæðinu. Frá upphafi 19. aldar þar til undir lok síðari heimstyrjaldarinnar réðu Bretar og Frakkar að miklu leyti yfir ríkjum í Austrinu. Frá síðari heimstyrjöldinni hafa Bandaríkjamenn haft mikil afskipti á svæðinu. Af þessari nánd, sem litast að miklu leyti af styrk Vestursins yfir Austrinu, spretta textar órientalisma og orðræða hans.²⁴ Í *Þjóðarplágunni íslam* er gert ráð fyrir að lesandinn hafi litla sem enga þekkingu á múslimum og íslam. Það sést til að mynda á orðskýringunum sem þýðandi setur inn í upphafi verksins. Því er hægt að ganga út frá því að staðalmyndin af arabanum og múslimanum renni saman við lestur verksins. Þessar staðalmyndir geta haft mikil áhrif á það hvernig lesandi túlkar textann. Said fjallar um staðalmyndina af arabanum sem hluta af órientalisma. Hann telur tiltekna

²¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 52.

²² Said, *Orientalism*, bls. 2.

²³ Said, *Orientalism*, bls. 12.

²⁴ Said, *Orientalism*, bls. 4.

staðalmynd hafa skapast af arabanum sem truflun við tilvist Vestursins. Saga araba er að miklu leyti saga sem honum var gefin af óríentalískri hefð og síðar af hinni zíónísku hefð.²⁵ Í bío myndum og sjónvarpsþáttum er arabinn tengdur við saurlifnað eða túlkaður sem blóðþyrstur og svikull. Hann er kynóður og undirföruull og í grunninn er hann svikull og haldinn kvalarlosti. Hann er þrælasalinn á kameldýri sem gjarnan er sýndur í hópum. Þar er ekki að finna nein tiltekin persónueinkenni heldur er um að ræða andlitslausa hópa. Á bak við þessa hópa liggur ógnin við jíhad. Slík framsetning kyndir undir óttanum við að múslimar eða arabar muni taka yfir heiminn.²⁶ Greiningu Saids á þessari mynd sem dregin er upp af aröbum í dægurmenningu svipar mjög til þeirrar myndar sem Hege Storhaug dregur upp af múslimum. Í kaflanum „Árásir gerðar hversdagslegar“²⁷ fjallar Storhaug m.a. um nauðganir í innflytjendahverfum í Frakklandi. Þar fjallar hún umhrottalegar nauðganir þar sem múslimskir karlmenn eiga í hlut: „Ofbeldið gegn konum hefur aukist í hlutfalli við stækkun innflytjendahverfa í Frakklandi“²⁸ Lesandi les þar á milli línanna að nauðganir og ofbeldi séu afleiðing trúarbragðanna. Nokkrum köflum síðar fjallar Storhaug um íslam í Svíþjóð og ritar: „Svíþjóð er efst á heimsvísu í fjölda kærðra nauðganna sem hlutfall af íbúafjölda“²⁹ Hér fær lesandi tækifæri til þess að túlka það sem svo að fjöldi kærðra nauðgana í Svíþjóð séu einmitt tilkomnar vegna eðlis þeirra múslima sem búa í landinu. Afleiðingin getur því verið sú að lesandi fari að óttast alla múslima og ætla að eðli þeirra sé óstýrilátt og jafnvel dýrslegt.

²⁵ Erfitt er að skoða valdatengsl á milli Vestursins og Austursins án þess að fjalla um zíonisma. Hugmyndafræði zíonisma er sprottin upp úr pólitísku landslagi og aðstæðum gyðinga í Evrópu á 19. öld. Zíonismi er nátengd hugmyndunum um þjóð og þjóðríki sem fjallað var um í innganginum hér að framan. Pólitískur zíonismi spratt svo að hluta til upp í Rússlandi þar sem gyðingahatur var nokkuð viðtekið. Hópar gyðinga þar fóru að beina sjónum sínum að Palestínu í austri og flytjast þangað í hópum. Nútíma-zíonismi er þó yfirleitt eignaður Theodor Herzl sem var þó ekki hugmyndasmiður hreyfingarinnar í eiginlegri merkingu, heldur mótaði hann fremur hugmyndina um stofnun Ísraelsríkis í Palestínu með bókinni *Der Judenstaat* (Ríki gyðinga). Þar fjallaði Herzl um nauðsyn þess að gyðingar ættu sitt eigið ríki þar sem gyðingar væru í meirihluta. Í upphafi leit hreyfing zíonismans til Úganda en fljótlega varð ljóst að ríki gyðinga yrði aldrei stofnað nema í Palestínu, enda dregur hreyfingin nafn sitt af fjallinu Zíon. Sjá: Martin Bunton and Qilliam L. Cleveland, *A History of the Modern Middle East* (Colorado: Westview Press, , 2013), bls. 222 – 224.

Nánar um uppruna og sögu Zíonisma sjá t.d.: Smith, Charles, *Palestine and the Arab Israeli Conflict* (8. útg., Boston og New York: Bedford/St. Martin's, , 2013); Pappé, Ilan, *The Idea of Israel: A History of Power and Knowledge* (London og Brooklyn: Verso, 2014).

²⁶ Said, *Orientalism*, bls. 286-287.

²⁷ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 59.

²⁸ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 59.

²⁹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 86.

2.2 Orðræða óríentalismans í *Þjóðarplágunni íslam*

Samkvæmt Said felst óríentalismi í tiltekinni orðræðu sem evrópsk menning mótaði til þess að stjórna Austrinu, hernaðarlega, hugmyndafræðilega, vísindalega og sálrænt. Vegna óríentalismans var og er Austrið ekki frjálst viðfang, hvorki í hegðun né hugsun. Evrópsk menning styrkti á sama tíma sjálfsmynd sína með því að stilla sjálfri sér upp andspænis Austrinu, sem stendur þá fyrir nokkurs konar óæðra sjálf Vestursins.³⁰ Líkt og fjallað hefur verið um hér að framan má yfirfæra þessar hugmyndir Saids á þá orðræðu sem birtist í verkinu *Þjóðarplágan íslam*. Storhaug notar meðal annars svipaða aðferðafræði og óríentalistar fyrir á öldum, sem heimsóttu Austrið, með eigin hugmyndir og gildismat í farteskinu, og dvöldu þar í lengri eða styttri tíma. Hugmyndir á borð við: „Þetta er í samræmi við það að íslam hefur ekki farið í gegnum umbótaferli“, sem Storhaug miðlar lesendum sínum, eru að mörgu leyti í takt við þær sem Said afhjúpar í *Orientalism*.³¹ Þessháttar orðalag og fullyrðingar næra einnig staðalmyndir og fyrirframgefnar hugmyndir sem lesandi verksins gæti haft á grundvelli annarra birtingarmynda íslam í Evrópu. „Trúandi múslimum ber að viðurkenna að til sé nokkuð sem heiti svartigaldur“³² og „[h]inir trúuðu taka nefnilega ekki mark á veraldlegum og húanískum rökum.“³³ Þessar tvær setningar Storhaug eru gott dæmi um fullyrðingar sem næra fyrrnefnda staðalmynd af múslimum úr Austrinu sem stöðnuðum og afturhaldssinnuðum.

Said telur að með orðræðunni um og Austrið og Vestrið skapist tilhneiging til að ýta undir *einkenni* þessara svæða. Aðgreiningin á milli svæðanna verður dýpri og Austrið verður „austrænna“. Staðalmyndir eflast og menningarsamskipti verða þar af leiðandi takmarkaðri.³⁴ Þetta fellur vel að þeirri orðræðu sem birtist í *Þjóðarplágunni íslam* eins og til dæmis má lesa úr fyrrnefndri ferð Storhaug inn í tiltekin hverfi bæði í Bretlandi og Frakklandi. Medínu-múslimar³⁵ eru ógn við „okkur“ samkvæmt orðræðu verksins og moska múslima verður nokkurs konar táknmynd fyrir það sem hefur tekið sér bólfestu í samfélögum „okkar“ í Vestrinu. Orðræða óríentalismans felur í sér að ef fólk úr Austrinu tekur óvæntar ákvarðanir þá ýtir það undir skoðanir Vestursins á því og

³⁰ Said, *Orientalism*, bls. 3.

³¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 271.

³² Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 251.

³³ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 180.

³⁴ Said, *Orientalism*, bls. 14.

³⁵ Storhaug skiptir múslimum upp í hópana „Medínu-múslima“ og „Mekka-múslima“. Línan milli þessara hópa rennur þó mjög til og er heldur óljós fyrir hinn almenna lesanda. Nánar er fjallað um þessa aðgreiningu í næstu köflum.

„sannar“ að þeim er ekki treystandi.³⁶ Gengið er út frá því að illskan sé fólkinu eðlislæg og sprottin upp úr einkennum Austursins innra með þeim. Hún er ekki til komin vegna utanaðkomandi þátta, heldur vegna eðlis þess og trúarbragða. Múslimar innan Vestursins eru ekki frjálssar hugverur heldur, samkvæmt hugmyndum Storhaug, dæmdir til þess að vera fulltrúar Austursins. Á sama tíma er Austrið framandgert sem neikvætt fyrirbæri: „Þær [verslanir í London] litu út eins og þær hefðu verið fluttar úr borgum í íslamska heimshlutanum“³⁷ og „[þ]að er hræðilegt þegar þeir ráðast á einn af þeirra „eigin“ fólki þegar sá hinn sami reykir úti á götu í Ramadan-mánuðinum.“³⁸ Hér er greinilegt að hinn íslamski heimshluti er neikvætt fyrirbæri, óæðra hinum kristna heimshluta. Gengið er út frá því að hér séu tvö fastmótuð fyrirbæri með landamæri sem eru partur af óhagganlegri heimsmynd sem lesandi getur gengið út frá að sé sönn og rétt. Lesandi hefur einnig innbyrt neikvæðar hugmyndir um hinn íslamska heimshluta úr fleiri köflum og vísunum í verkinu. Íslamski heimshlutinn er þar staðnaður, frosinn og stefnir til fortíðar, ólíkt hinum evrópsku framfarasinnum. Með síðari fullyrðingunni er ýjað að því að árásir á einstaklinga sem reykja í Ramadan mánuðinum séu viðteknar og samþykktar af öllum múslimum, að ofbeldi og hugsunarleysi sé þeim eðlislægt.

2.3 Þíslarvottar í Vestri

Að vissu leyti má segja að Austrið hafi lengi verið hluti af sjálfsm mynd Vestursins. Austrið á ekki aðeins landamæri að Evrópu heldur var Austrið í langan tíma staður ríkra og mikilvægra nýlendna Evrópu. Samkvæmt kenningum óríentalismans felst hluti af sjálfsm mynd Vestursins í þeirri langlífú mýtu að Vestrið sé í raun æðra en Austrið.³⁹ Þegar orðræða *Þjóðarplágan íslam* er skoðuð í ljósi þessa sjónarhorns kemur vel fram að Storhaug og þýðandi bókarinnar, í íslenskri útgáfu, stilla þessum tveimur hópum hlið við hlið líkt og Austrið og Vestrið séu fastmótaðar einingar: „Íslömsk þjóð“⁴⁰ er meðal okkar í Noregi, Medínu-þjóð. Þessari útgáfu íslams hefur verið leyft að verða mikilvægustu trúarbrögð Noregs og Evrópu. Það hefur gerst með hjálp velmeinandi,

³⁶ Said, *Orientalism*, bls. 322.

³⁷ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 327.

³⁸ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 328.

³⁹ Said, *Orientalism*, bls. 1.

⁴⁰ Hér getur legið vandi í þýðingu. Í íslenskri tungu er hugtakið „þjóð“ sérstaklega margrætt hugtak. Hér getur höfundur verksins, Hege Storhaug, hafa notað orðið „folk“ á norsku. Sem er ekki jafn gildishlaðið og í íslensku þýðingunni. Í ritgerð þessari er þó notast við íslenska þýðingu verksins og orðræðan greind út frá því.

auðtrúa og afar illa upplýstra stjórnámálanna.⁴¹ Hér er unnið með þær hugmyndir að múslimar sem eiga rætur sínar að rekja til Austursins séu ein þjóð. Þennan einsleita hóp í Austri þarf Evrópa, Noregur, Ísland eða Bretland að varast þar sem hinn ógnandi múslimi úr Austrinu hefur brotið sér leið inn fyrir vel varin landamæri „okkar“. Gengið er út frá því að Vestrið og Austrið séu í eðli sínu ólík og sjálfsmyndir einstaklinga þaðan geti ekki verið blandaðar.

Samkvæmt kenningum óríentalismans snýst þessi tilhneiging, til að móta kunnuglegt svæði sem er „okkar“ og á sama tíma hugsa um það sem er ókunnugt sem „þeirra“, um að skapa landfræðilegan aðskilnað. Þessi aðskilnaður getur jafnframt verið algjörlega handahófskenndur. Said notar hér orðið „handahófskennt“ vegna þess að ímynduð landamæri sköpuð í Vestrinu krefjast þess ekki að þeir sem tilheyra „hinum“ þekki þessi landamæri.⁴² Samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem birtist í *Þjóðarplágan íslam* virðist höfundur ganga út frá því að múslimar í Vestrinu tilheyri ákveðnum landamærum: „Í öðru lagi og á sama tíma stöndum við frammi fyrir geysimiklum fólksflutningum til álfunnar okkar að langmestu leyti frá illa stöddum ríkjum í Asíu, Miðausturlöndum og Afríku þar sem Međínu-múslimar eru ráðandi í þeim flestum.“⁴³ Vestrinu er gefið rými til þess að rannsaka, skoða og heimsækja Austrið, líkt og höfundur gerði sjálf í Pakistan. Vestrinu var á sama hátt gefið rými til þess að móta og skapa landamæri og heldur því valdinu til þess að verja þau. Það er meðfæddur réttur Vestursins ef gengið er út frá því að Vestrið sé æðra, þróaðara og mikilvægara en Austrið. Ógnin sem Storhaug uppfærðir lesanda sinn um felst einmitt í því hvernig öryggi Evrópu er ógnað með flutningi „hinna“ frá Austrinu inn í Vestrið. Þá hefur ógnin slitið sig úr sköpuðum fjötrum og rofið landamæri fyrri alda. Þegar fólk sem samkvæmt skilgreiningu tilheyrði Vestrinu og hinum kristna menningararfi játar íslamstrú, er það á sama hátt ógn við vestræn gildi og þar af leiðandi eru þessir „trúskiptingar“ svikarar. Með umfjöllun og orðræðu verksins um „trúskiptinga“ má sjá hvernig staðalmyndin um múslima og araba fellur saman í verkinu. Ef einstaklingur sem á ættir sínar að rekja til Noregs eða Svíþjóðar tekur upp íslamstrú nefnist sá einstaklingur „trúskiptingur“ í verkinu. Orðræðan bendir einnig til þess að sá einstaklingur hafi verið ginntur inn í

⁴¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 387.

⁴² Said, *Orientalism*, bls. 54.

⁴³ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 416.

trúarbrögðin: „Hans [Norskur múslimi] er lýst sem einstaklingi sem auðvelt var að stýra. Hann var hið fullkomna fórnarlamb Úmmu spámannsins.“⁴⁴

Í fyrrnefndri grein Jóns Ólafssonar fjallar hann um kristinn menningarheim Evrópu og gamalkunna ógn hins fjarlæga:

Hin nýja ógn af íslam er í hotskurn sú að heimur kristinnar – vestræn siðmenning – sé í bráðri hættu. „Vörn siðmenningarinnar“ og vörn vestræns lífstíls og lífsgilda verður lögmætt viðfangsefni stjórnámálanna þegar slík hætta er viðurkennd, enda hefur upp á síðkastið borið æ meir á orðræðu varnarinnar í vestrænum stjórnámálum.⁴⁵

Í „vörn siðmenningarinnar“, líkt og Jón kallar þessa hræðslu við hið ókanna, felst í raun ákveðinn ótti við „hina“ sem, samkvæmt ákveðnu gildismati, ekki tilheyrir hópnum. Vegna óttans neyðist höfundur *Þjóðarplágunnar íslam* til að afmarka Austrið og Vestrið sem tvö fastmótuð fyrirbæri og undirstrika það sem hún telur einkenni þeirra. Einkenni annars er siðmenningin og hins stöðnun. Hér ber einnig að minna á fyrrnefnda greiningu Said á því hvernig aðgreining milli Austursins og Vestursins ýtir undir og skerpir á „einkennum“ þeirra. Storhaug gerir lítið úr *Kóraninum* og íslam á sama tíma og hún upphefur kristin gildi sem fela í sér stöðuga þróun og framför. Höfundur stillir til dæmis *Biblíunni* og *Kóraninum* upp hlið við hlið og vitnar í sagnfræðinginn Gustav Grimberg. Grimberg ritaði um íslamstrú og Kóraninn í verkinu *Menneskens Liv* sem Storhaug kallar „stórvirki.“⁴⁶ Í tilvitnun Storhaug í Grimberg segir: „Samtímis er öruggt að Kóraninn getur ekki á nokkurn hátt, hvorki í dýpt né krafti, komist í hálfkvisti við Biblíuna, þrátt fyrir að hver síða í Kóraninum minni okkur á gamla eða nýja testamentið og að næstum hver einasta frásögn í Kóraninum sé sótt úr Biblíunni.“⁴⁷ Hér vinnur höfundur með og undirstrikar ákveðnar hugmyndir vestrænna fræða um að íslam sé einungis léleg eftirlíking af kristni.

Á 19. öld var íslam án efa ögrun á margan hátt. Íslömsk svæði liggja til dæmis óþægilega nálægt kristni, bæði landfræði- og menningarlega. Íslam fékk lánað úr kristni og gat stært sig af hernaðarlegum og pólitískum sigrum sínum. Íslam vann einnig með kristni enda eru bæði trúarbrögðin sprottin úr sama landslagi. Hin íslömsku lönd eru til hliðar við, eða búa jafnvel ofan á Biblíulöndunum, og hjarta hins íslamska kjarna hefur

⁴⁴ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 286.

⁴⁵ Jón Ólafsson, „Austur, vestur og ógnin við fjölmenningu“, bls. 369.

⁴⁶ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 106.

⁴⁷ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 106.

alltaf verið svæði nálægt Evrópu.⁴⁸ Storhaug notar þetta til þess að gera lítið úr trúarbrögðunum. Landfræðilegar og menningarlegar einingar Austursins og Vestursins eru skapaðar af mannum. Austrið sem hugmynd á sér sögu og hefð hugsunar, ímyndir og orðræðu sem hafa skapað ákveðinn raunveruleika og veru bæði í Vestrinu og fyrir það. Samband Vestursins og Austursins er litað af valdi og forræði (e. hegemony) annars aðilans yfir hinum. Í krafti þessa valds hefur Austrið verið gert að Austrinu. Það er ekki einungis vegna þess að Vestrið „uppgötvaði“ Austrið, heldur einnig vegna þess að Austrið gat verið Austrið. Þar af leiðandi var Austrið skapað út frá forsendum Vestursins.⁴⁹

Ógnin af „hinum“ er undirstrikuð í *Þjóðarplágunni íslam* með setningum á borð við: „Þeir flytjast þangað [Evrópu] og skapa þar sín eigin samfélög“.⁵⁰ Á sama tíma fær lesandi upplýsingar á borð við „[Í]mið í samheldninni [Bræðralags múslima] sem er án landamæra finnst í þjáningu múslima um heim allan, hvort heldur sem hún er í misheppnuðum þjóðríkjum þeirra eða sjálfsköpuðum jaðarsamfélögum á Vesturlöndum“.⁵¹ Þessa ógn fjallar Jón Ólafsson um í fyrirnefndri grein sinni og dregur saman lykilatriðin: “Orðræða samtímans um hina ólíku heima íslams og kristni [hefur] orðið til þess að styrkja og festa í sessi margvíslegar staðalmyndir múslíma og endurvekja ógn „Tyrkjans“ í heimi kristninnar.”⁵² Með heimsvaldastefnu sinni hefur kristnin náð til ólíkra heimshorna og umturnað löndum í flestöllum heimsálfum. Kristnin hefur verið miðlæg og siðferði hennar er samkvæmt óríentalistum, á borð við Storhaug, ekki það sama og siðferði íslam. Samkvæmt Said byggir óríentalismi síðari tíma á ákveðinni útpenslu, sagnfræðilegum ágreiningi, vorkunn og stéttaskiptingu. Jafnframt höfðu þessi öfl þau áhrif að leysa Austrið almennt, og sérstaklega íslam, frá mjög þröngsýnni trúarlegri grannskoðun þar sem Austrið var rannsakað og dæmt af hinu kristna vestri.⁵³ Þessar hugmyndir falla vel að fyrirnefndum hugmyndum Hege Storhaug um „misheppnuð þjóðríki“ í Austrinu. Arabinn eða músliminn fá ekki tækifæri til þess að vera einstaklingur þar sem Austrið er dæmt staðnað.

⁴⁸ Said, *Orientalism*, bls. 73.

⁴⁹ Said, *Orientalism*, bls. 5-6.

⁵⁰ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 387.

⁵¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 386.

⁵² Jón Ólafsson, „Austur, vestur og ógnin við fjölmenningu“, bls. 369.

⁵³ Said, *Orientalism*, bls. 120.

Jón Ólafsson nefnir, í grein sinni, þá einstaklinga sem alhæfa um menningarheima og trúarbrögð „bókstafstrúarmenn“.⁵⁴ Þessir einstaklingar gera ekki ráð fyrir því að sjálfsmyndir einstaklinga séu blandaðar heldur einsleitar. Þess konar hugmyndir falla vel að heimsmyndinni sem birtist í *Þjóðarplágunni íslam*, þar sem Austrið og Vestrið eru tveir fastmótaðir menningarheimar. Þrátt fyrir að Storhaug geri greinarmun á ólíkum múslimum þá er sá greinarmunur illskiljanlegur fyrir þann lesanda sem tilheyrir markhópi hennar, sem hefur litla vitneskju um íslam. Þetta má sjá í umfjöllun höfundar um ákveðin svæði og moskur þar sem alhæfingar eru ekki af skornum skammti. Hér er gagnlegt að líta til greiningar Jóns: „Þess vegna getur bókstafstrúarmaðurinn heldur ekki viðurkennt að í heimi þar sem fólk er stöðugt á ferðinni yfir landamæri og milli heimsálfa, fer sífellt fram endurmat og endurskilgreining á sjálfsmynd.“⁵⁵

Saga Evrópu er, samkvæmt óríentalistum og þeirri heimsmynd sem birtist í *Þjóðarplágunni íslam*, mikilvægari en saga Mið-Austurlanda og Austursins. Enda er eitt af því sem Storhaug lítur framhjá sýnin á innri menningu og nútímasögu Mið-Austurlanda. Þetta kemur heim og saman við þær hugmyndir sem Edward Said fjallar um, þar sem saga og menning Austursins er hreinlega þurrkuð út. Storhaug skapar þó talsýn af þessum hugmyndum, t.d. með því að fjalla um *Kóraninn* og íslam. Með þeirri þögn er hún í rauninni, án þess að skrifa það, að skipa Vesturlöndum skör hærra en Mið-Austurlönd. Yfir heildina litið er þar af leiðandi hægt að yfirfæra margt úr kenningum Saida á orðræðu *Þjóðarplágunnar íslam*. Höfundur vinnur með rótgrónar staðalmyndir og hugmyndir á sama tíma og hún gerir hinu kristna sagnaminni hærra undir höfði en hinu austræna. Austrið er metið óæðra og þar af leiðandi verður það sem höfundur túlkar sem afurð Austursins, múslimar, minna metið í samfélagi „okkar“ í Vestrinu.

3. Samræða höfunds og lesanda

Bókmenntaverk eru byggð úr ólíkum merkingarbærum einingum. Röðun höfundar á þessum merkingarbæru einingum innan verksins veitir lesanda ákveðið frelsi eða svigrúm til túlkunar á verkinu. Þessari túlkun eru þó settar ákveðnar skorður, þar sem röðun eininganna gefur lesanda einungis visst rými til túlkunar. Höfundur bókmenntatexta getur ljáð persónum verks rödd sína og leyft lesanda að kynnst náíð

⁵⁴ Jón Ólafsson, „Austur, vestur og ógnin við fjölmenningu“, bls. 373.

⁵⁵ Jón Ólafsson, „Austur, vestur og ógnin við fjölmenningu“, bls. 373.

hugarheimum tiltekinna persóna með því að færa þeim hlutverk sögumanns. Í tilteknum verkum er höfundur þó nálægari lesanda og leiðir hann þar með í gegnum verkið. Hvort sem ætlun höfundar er að vera nálægur lesandanum þá hefur þessi aðferð nokkur áhrif. Í verki líkt og *Þjóðarplágunni íslam*, hefur höfundurinn það að markmiði að uppfræða lesandann. Storhaug beitir ákveðinni frásagnartækni til þess að miðla tilteknum upplýsingum til lesanda. Í fræðitexta af þessu tagi er alltaf beitt ákveðinum frásagnaraðferðum til þess að miðla upplýsingum til lesanda. Þar af leiðandi er gagnlegt að nota aðferðir bókmenntafræðanna til þess að greina textann. Sköpun texta miðast óhjákvæmilega við höfundinn og markmiði hans. Höfundur mótar og raðar verkinu, sem er hugarsmíði hans, upp í einingar og skapar þannig bókmenntaverk. Ef höfundur leggur aftur á móti í að skrifa verk til tiltekins markhóps þá litast verkið óhjákvæmilega af því og landslag textans litast af ætlun höfundarins. Á 7. og 8. áratug síðustu aldar fóru *viðtökufraðikenningar* (e. reader-response theory, reception theory) að ryðja sér til rúms í þýskum og bandarískum fræðaskólum. Samkvæmt viðtökufraðinni er ekki hægt að taka neinu sem gefnu og er eini sannleikurinn sá sem birtist fyrir augum einstaklingsins.⁵⁶ Robert C. Holub fjallar um viðtökufraðikenningar í bók sinni *Reception Theory: A Critical Introduction*. Hann skilgreinir þar tvenns konar viðtökufraðikenningar þ.e. „reception theory“ og „reader-response theory“, en báðar snúa þær að viðtökum lesanda á texta og falla undir viðtökufraðikenningar. Samkvæmt Holub er hægt að skilgreina viðtökufraðikenningar (e. reception theory) sem tilfærslu á hlutdeild frá höfundu og verki hans til textans og lesandans.⁵⁷ Samkvæmt þessum kenningum verður einstaklingurinn að beina sjónum sínum að því hvernig hann skynjar veröldina í kringum sig. Viðtökufraðin leitast því eftir að sníða kenningar um lestur og túlkun á textum. Þýski bókmenntafræðingurinn Wolfgang Iser fjallaði meðal annars um viðtökufraðina í grein sinni „The Reading Process: A Phenomenological Approach“. Þar er fjallað um það hvernig höfundur verks geri ráð fyrir tilteknum lesanda sem býr yfir vissri þekkingu og skilningi sem býður upp á viðtökur á bókmenntaverki.

⁵⁶ Hans Bertens, *Literary Theory: The Basics*, (New York: Routledge, 2001), bls. 96.

⁵⁷ Robert C. Holub, *Reception Theory: A Critical Introduction* (London og New York: Methuen, 1984), bls. xii.

Þar af leiðandi verður textinn net mögulegrar túlkunar lesanda.⁵⁸ Samkvæmt Holub sneru rannsóknir Isers að því hvernig lesendur tengjast textum.⁵⁹

Í verkinu *Þjóðarplágan íslam* ritar Hege Storhaug inn í *tiltekna hefð* bókmennta og sögumaður talar að mörgu leyti til ákveðins lesanda. Þetta sést til dæmis í beinni ræðu og setningum á borð við: „Einnig í okkar samfélögum hér á Vesturlöndum.“⁶⁰ Markhópur bókarinnar er skýr, enda ávarpar höfundurinn greinilega vestræna einstaklinga með tiltekinn menningarlegan bakgrunn. Þýðandi verksins sendi til að mynda bókina á tiltekinn hóp menntafólks og stjórnámálamanna. Lesandinn fellur inn í ramma sem Storhaug hefur mótað og hinn íslenski þýðandi ýtir undir það með þýðingu sinni. Ólíkir lesendur skynja verkið á misjafnan hátt og bakgrunnur þeirra og hugmyndir gegna þar stóru hlutverki. Þetta má meðal annars sjá í orðskýringum bókarinnar sem Magnús Þór Hafsteinsson, þýðandi verksins, tók saman og finna má í upphafi verksins. Þar má finna skýringar á hinum ýmsu hugtökum og fyrirbærum tengdum trúarbrögðunum íslam. Með því að taka saman lista yfir hugtök innan íslamstrúar er þýðandi að leggja línur fyrir lesanda og móta markhópinn. Þýðandi gerir ráð fyrir því að lesandi hafi litla sem enga þekkingu á málefnum trúarbragðanna, auk þess sem hann velur og hafnar hvaða hugtök lesandi þurfi að þekkja við lestur verksins. Sú ákvörðun að stilla orðskýringunum upp fremst í verkinu hefur þar með sérstaka þýðingu. Orðskýringar eru ljósar lesanda áður en lestur hefst og gefa þær einnig verkinu ákveðið fræðilegt yfirbragð. Í raun er því verkið *Þjóðarplágan íslam* ritað fyrir tiltekinn markhóp sem vel má greina í texta verksins, þar sem höfundur ávarpar ákveðinn lesanda textans. Þannig verður lesturinn samræða milli höfundar og lesanda sem gerir textann auðlesnari og aðgengilegri fyrir þann lesanda sem tilheyrir markhópi verksins. Í þessum kafla verður fjallað um það hverskonar aðferðum textinn beitir til þess að miðla þeim hugmyndum sem fjallað hefur verið um hér að framan. Samræða höfundar og lesanda er áberandi í textanum og hér verður kannað hverskonar frásagnaraðferðum höfundur beitir til þess að koma þessum hugmyndum á framfæri og hvernig leitast er t.d. við að byggja lesanda inn í verkið.

⁵⁸ Wolfgang Iser, „The Reading Process: A Phenomenological Approach“. *Modern Criticism and Theory*. Ritstj. David Lodge. (2. útg. Harlow, Essex, Edinburg Gate: Pearson Education Limited, 2000), bls. 188-204, hér bls. 191.

⁵⁹ Holub, *Reception Theory*, bls. 83.

⁶⁰ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 206.

3.1 Fræðikonan Storhaug

Í upprunalegri útgáfu *Þjóðarplágan íslam* á norsku, sem og í íslenskri þýðingu, þrýðir mynd af Hege Storhaug forsíðu bókarinnar. Storhaug horfir beint í myndavélarlinsuna og þar með beint á lesanda, þannig að hún myndar viss tengsl við hann. Vinstra megin við höfuð hennar má sjá tilvitnun í norskan rithöfund sem hljóðar svo: „Með þessari bók hefur Hege Storhaug markað spor í norska bókmenntasögu. Flestir gagnrýnendur og umræðustéttin munu þó reyna að þegja hana í hel eins og þau gera alltaf þegar sígildar bækur koma fyrst út.“⁶¹ Val á þessum tiltekna bókdómi hefur ákveðið gildi fyrir upplifun lesanda á verkinu. Hér er bæði verið að staðsetja bókina innan bókmenntasögunnar og stilla henni upp við hlið sígildra bókmennta sem lesandi tengir við. Í bókadóminum er einnig að finna varnarorð gegn „umræðustéttinni“, sem má túlka sem gagnrýnendur verksins úr fræðasamfélaginu, en í verkinu sjálfu gagnrýnir höfundur „elítuna“ ítrekað og virðist þar vísa til fræðasamfélagsins, stjórnámálanna og annarra sem eiga þátt í að móta opinbera umræðu. Þannig er bæði verið að staðsetja verkið nær alþýðunni og fjær fræðasamfélaginu. Nærvera höfundar er áberandi í textanum og hún er nálæg sem sögumaður í framvindu verksins. Þetta sést vel á því hvernig höfundur ávarpar lesandann, leiðbeinir honum og stýrir: „Sjálf vil ég bæta við hér að konur sem reyna að þvinga fram skilnað eiga á hættu að verða heiðursmyrtar.“⁶² Höfundur færir lesanda hugmyndir sínar út frá þeirri forsendu að hún sé fræðimaður og gildismat hennar og hugmyndir séu réttar.

Í greininni „Literary History as a Challenge to Literary Theory“ fjallar Hans Robert Jauss m.a. um ímynd höfundarins og hvernig væntingar lesanda til bókmenntaverks tengjast að vissu leyti hugmyndum sem lesandi hefur um höfundinn.⁶³ Í tilviki *Þjóðarplágunnar íslam* reynir höfundur að skapa sér stöðu sem ákveðinn „fræðimaður“ með þekkingu á því sem hún kveður vera menningarheim íslam, en um leið leitast hún við að skrifa verkið frá hinu almenna fræðasamfélagi sem að hennar mati neitar að takast á við vandann. Þetta gefur lesanda óhjáskæmilega ákveðna ímynd af höfundi og, ef ímyndin hefur tilætluð áhrif, vekur traust. Samkvæmt Jauss nálgast lesandinn alltaf textann frá ákveðnu sögulegu sjónarhorni. Lesandi staðsetur síðan

⁶¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, kápa.

⁶² Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls 207.

⁶³ Hans Robert Jauss, „Literary History as a Challenge to Literary Theory“, *A Symposium on Literary History*, Vol 2(1970), bls. 7-37, hér bls. 8-9.

textann og verkið við lesturinn eftir ákveðnum væntingum sem hann hefur til textans.⁶⁴ Með því að fjalla um verkið sem sígilt verk og höfund þess sem fræðikonu með mikla þekkingu, er jafnframt gerð tilraun til þess að stilla *Þjóðarplágunni íslam* upp við hlið annarra „sígildra“ bóka og henni þannig skapað rými í menningarsögunni. Þetta er einnig í takt við ákveðnar hugmyndir sem birtast í verkinu, þar sem höfundur varar lesanda við þeirri ógn sem er við það að steypa Evrópu í glötun. Hér má til dæmis nefna *Der Untergang des Abendlandes* (Hnignun Vesturlanda) eftir Oswald Spengler og verkið *Clash of Civilizations* eftir Huntington sem óhjákvæmilega eru verk sem hlutu og hljóta enn mikla umfjöllun. Storhaug minnst einnig á verk Huntingtons í *Þjóðarplágunni íslam*. Samkvæmt Jauss vekja bókmenntaverk upp minningar um eitthvað kunnuglegt, auk þess sem þau vekja hjá lesanda tilteknar tilfinningar. Við upphaf lesturs skapast ákveðnar væntingar hjá lesanda um hvað muni koma í miðju og lok verksins. Þessar væntingar eru svo annaðhvort uppfylltar, eða falla um sjálfar sig við lesturinn.⁶⁵ Lesandinn hefur út frá fyrnefndum bókadómi og öðrum hugmyndum sem birtast á kápu bókarinnar, ákveðnar væntingar til lestursins og myndar sér skoðun út frá þeim væntingum. Ef kenningar Jauss um væntingar lesanda eru skoðaðar út frá þeim hugmyndum og staðalmyndum sem fjallað var um í kaflanum hér að framan, þá miðar textinn greinilega að því að lesandi hafi einhverjar hugmyndir um múslima. *Þjóðarplágan íslam* er því verk sem vinnur út frá ákveðinni hugmyndafræði og leitast við að skilja lesanda eftir með tiltekna hugmynd í kollinum. Ef lesandi lítur á verkið í því ljósi sem brugðið er upp á kápu bókarinnar, að Storhaug sé fræðimaður og verkið sígilt, eykur það hughrif lesanda bæði við og eftir lestur.

3.2 Endurminningar Evrópu: Frásagnarfræði og minnismenning

„Við stöndum nú enn á ný í miðjum menningarátökum.“⁶⁶ Þetta eru titilorð hins svokallaða *forspjalls* bókarinnar og jafnframt það fyrsta sem lesandi fær að kynnst af höfundi verksins í íslenskri þýðingu. Hér leggur höfundur línurnar fyrir lesanda, ávarpar hann og staðsetur. Gert er ráð fyrir að lesandi sé með tiltekinn vestrænan menningararf í farteskinu og skilji því þær hugmyndir sem höfundur hefur fram að færa. Í greininni „Staðir og menningarlegt minni“ sem birtist í *Ritinu* árið 2013 fjallar Marion Lerner um hugtakið *minnismenning* sem hin þýsku Jan og Aleida Assmann hafa útfært. Samkvæmt

⁶⁴ Bertens, *Literary Theory*, bls. 96-97.

⁶⁵ Jauss, „Literary History as a Challenge to Literary Theory“, bls 12.

⁶⁶ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls 15.

Assmann er minnismenning ákveðin félagsleg skuldbinding sem tengist tilteknum þjóðfélagshópi. Svarið við spurningunni: „hverju megum við ekki gleyma“ leiðir svo að kjarna sjálfsmyndar tiltekins hóps.⁶⁷ Sem dæmi má nefna minningarathafnir um látna einstaklinga sem útbreiddustu birtingarmynd minnismenningar.⁶⁸ Storhaug vinnur að mörgu leyti með minnismenningu Evrópu í *Þjóðarplágunni íslam*, þar sem hún leitast við að draga fram vissa þætti í nútímasögu Evrópu til þess að stuða lesandann og minna hann á ákveðna ógn. Sú hlutdeild sem höfundur á í þeim menningararfi er einmitt það sem gefur rödd sögumannsins hljóm. Menningararfurinn er jafnframt kristinn, þar sem höfundur ber gjarnan saman íslam og kristni og hlutdeild trúarbragðanna í norsku samfélagi. Í kaflanum „Kirkja og moska“ ber Storhaug t.d. saman heimsókn sína í kirkju í Svíþjóð og ferð sína að mosku í sama landi. Orðræða kaflans er sérstaklega gildishlaðin og notar höfundur orðalagið „ýmsir trúskiptingar af vestrænu bergi brotnir sem gengið hafa íslam á hönd“⁶⁹ þegar hún fjallar um einstaklinga með sænskan bakgrunn sem tekið hafa upp íslamstrú. Storhaug lýsir eigin vanlíðan er hún virðir fyrir sér moskuna, einstaklingana þar og klæðnað þeirra. Hún framandgerir moskuna og kveður þá sem hana sækja vera „kórrétt klædda“⁷⁰. Á sama tíma fjallar höfundur með vissri angurværð um heimsókn sína í sænska kirkju. Kirkjan er falleg, böðuð nóvembersólinni og áhersla er lögð á aldur kirkjunnar. Á sama tíma fræðir höfundur lesanda um það hve fáir sitja messu kirkjunnar. Þessi stutti kafli er sérstaklega áhugaverður þegar hann er skoðaður í ljósi þeirrar ógnar sem Storhaug fjallar um í verkinu. Þættir úr samfélaginu verða á vissan hátt táknmynd fyrir vestrænt samfélag í heild sinni og þá ógn sem höfundur leitast eftir að fræða lesanda um. Sama má segja um umfjöllun höfundar um áfengi: „Vínbúð er ekki lengur að finna í þessari verslunarmiðstöð.“⁷¹ Hér fræðir höfundur lesanda um heimsókn í verslunarmiðstöð í hverfi innflytjenda í Svíþjóð.

Í fyrrnefndri grein fjallar Jauss um *sjóndeildarhring væntinga* (e. horizon of expectation) en með því á Jauss við að lestur nýrra texta vekir hjá lesanda minningar og hugmyndir út frá fyrri reynslu og öðrum textum. Lesandi túlkar verkið að vissu leyti út

⁶⁷ Marion Lerner, „Staðir og menningarlegt minni. Um ferðalýsingar og vörður“, þýð. Benedikt Hjartarson, *Ritið: Minni og gleymaska* (2013), bls. 9-28, hér bls. 10.

⁶⁸ Lerner, „Staðir og menningarlegt minni“, bls. 11.

⁶⁹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls 92.

⁷⁰ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls 92.

⁷¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls 82.

frá sögunni.⁷² Þar af leiðandi hefur lesandi verksins ákveðnar væntingar við lesturinn og býst við þeim hugmyndum sem koma fram í verkinu. Þetta tengist að mörgu leyti þeirri *minnismenningu* sem fjallað er um hér að framan. Evrópubúinn hefur í farteskinu ákveðinn arf minninga úr nútímanum eða *menningarlegt minni* sem tengist tilteknum viðburðum í fortíðinni. Í þessu menningarlega minni umbreytist og þjappast fortíðin í táknrænar myndir sem minningin verður bundin.⁷³ Storhaug vinnur markvisst með minningar lesanda um atvik í nútímasögu Evrópu þar sem ofbeldi hefur verið beitt til þess að skapa sundrunu og óvissu. Þannig minnir hún lesanda á það sem hún telur vera yfirvofandi ógn er muni leiða til falls Evrópu. Með því að nota frasa eins og „er nasisminn eða íslam hættulegast?“,⁷⁴ vitna í atburði á borð við „okkar 11. september“⁷⁵ og og fjalla um Charlie Hebdo morðin leitast höfundur við að vekja athygli lesandans með minningum sem höfða til *sjóndeildarhrings væntinga* lesandans.

Fyrstu orð forspjallsins hljóða þannig: „Gata teygir sig meðfram mynni Glommu-fljóts í bæjarhlutanum Lisleby í Fredrikstad í Noregi. Árið 2015 hlaut þessi litli staður heimsathygli.“⁷⁶ Ef markmið höfundar gengur eftir er athygli lesandans fönguð, en það er einmitt sá lesandi sem Storhaug hyggst tala til - markhópurinn. Storhaug málar upp mynd af stað sem lesandinn á að þekkja og þannig eykur hún áhrif lestursins. Í upphafi verksins telur höfundur upp sjö aðskilin atvik sem varða norska múslima sem eiga uppruna sinn að rekja til annarra landa en Noregs og voðaverk sem þetta fólk hefur framið. Með þessum sögum leggur höfundur línur verksins og sýnir lesanda það sem að mati höfundar er hið ókunnuga í evrópsku samfélagi og ógnin meðal „okkar“. Höfundur fjallar um trúarbrögðin sem framandi og fjarlæg og skapar þar með aðgreiningu milli þess kunnuga sem lesandi þekkir, friðsælu götunnar í Noregi, og voðaverkanna sem eiga sér uppsprettu í einhverju fjarlæggu. Íslamstrú getur ekki verið hluti af hinu nálæga sem lesandinn þekkir, heldur tilheyrir hún hinu fjarlægga og framandi sem er ekki hluti af samfélagi *okkar* í Evrópu.

Samkvæmt Wolfgang Iser fær lesandinn tækifæri til þess að ganga inn í texta, en með því verður lesandi að samþykkja það sjónarhorn sem textinn býður upp á. Lesandinn þarf því að nokkru leyti að gangast við vissu sjónarhorni við lesturinn. Textinn vinnur einnig markvisst með ímyndunarafli lesanda til þess að uppfylla

⁷² Jauss, „Literary History as a Challenge to Literary Theory“, 31.

⁷³ Lerner, „Staðir og menningarlegt minni“, bls. 13.

⁷⁴ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls 102.

⁷⁵ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls 21.

⁷⁶ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls 15.

væntingar hans.⁷⁷ Hér liggur fyrirnefndur meginmunurinn á almennu skáldverki og verki eins og *Þjóðarpláganni íslam* sem býður upp á nána samræðu við höfundinn og þar með skoðanir hans. Höfundur hefur ákveðið markmið, að uppfræða lesandann um ógn sem steðjar að Evrópubúum. Storhaug vinnur því bæði markvisst með ímyndunarafli og minni lesandans með því að vitna í atburði úr samtíma hans. Þannig byggir hún upp ákveðnar væntingar og vekur áhuga lesandans. Ef lesandi gengst við hlutverki þess lesanda sem textinn gerir ráð fyrir aukast hughrifin við lestur textans. Þetta tengist kenningum Iser um væntingar og endurminningu lesandans við lestur, sem og kenningum Jauss um sjóndeildarhring væntinga. Lesandi leitar eftir einhverskonar samræmi í textanum ásamt því sem hann leitar að mynstri.⁷⁸ Í fyrsta kafla bókarinnar ferðast Storhaug til Frakklands og heimsækir borgina Marseille. Titill kaflans er „Marseille – skýrsla frá hinni föllnu borg“. Höfundur gerir ráð fyrir því að lesandi þekki umræðu síðustu ára og fréttir og gefur það kaflanum og titli hans enn meira gildi. Með því að nota orðið „skýrsla“ myndar Storhaug sér ákveðið rými til þess að vera hlutlaus rannsakandi með fræðilegan bakgrunn. Storhaug fjallar um göngu sína um götur borgarinnar og talar til lesanda: „Væri ég móðir hefði ég aldrei hleypt börnum mínum út hér til að leika.“⁷⁹ Hér skapar Storhaug einhverskonar óvissu og ótta, en fyllir jafnframt upp í væntingar lesanda um aðstæður og ómennsku íbúa hverfisins. Hún lítur framhjá því að íbúar svæðisins hafa mögulega ekki annað val. Hún spilar með ákveðna mýtu um að múslimar og arabar séu ekki jafn mennskir, líkt og fjallað var um hér í kaflanum að framan.

3.3 Að skrifa inn í hugmyndafræði

Innan viðtökufraeðanna er fjallað um hinar *merkingarbæru einingar textans*. Samkvæmt þeim kenningum er nauðsynlegt fyrir höfund að skilja eftir ákveðnar *eyður* (e. gaps) fyrir lesanda til þess að fylla inn í við lesturinn. Eyðurnar felast í því sem höfundur lætur ósagt í textanum. Lesandi leitar því að ákveðnum vísbendingum til þess að búa til myndur eða heildarmynd. Samkvæmt Iser hafa eyður texta ólík áhrif á væntingar lesandans og ólíkir lesendur geta fyllt inn í eyðurnar á ólíkan hátt. Hver texti getur því boðið upp á nokkra möguleika túlkunar þar sem lesandi getur fyllt inn í eyðurnar, en

⁷⁷ Iser. „The Reading Process“, bls 191.

⁷⁸ Iser. „The Reading Process“, bls.196.

⁷⁹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls 51-52.

textinn beinir þó lesandanum í ákveðna átt.⁸⁰ Vissir lesendur *Þjóðarplágunnar íslam* eru ekki færir um að fylla í þessar eyður á þann hátt sem verkið kallar eftir. Dæmi um eyður í *Þjóðarplágan íslam* má t.a.m. finna þar sem Storhaug fjallar um „Mekka-múslima“ og „Medínu-múslima“. Í upphafi verksins fjallar Storhaug lauslega um múslimana sem eru *vinir* okkar. Það eru múslimar sem lifa hófsömu lífi, sem eru tilbúnir að viðurkenna þau gildi sem, samkvæmt þeim hugmyndum sem birtast í verkinu, eru gildi Vesturlanda, líkt og að drekka vín og biðja í friði og einrúmi. Línan milli þessara tveggja hópa er hinsvegar fremur óskýr fyrir þann lesanda sem tilheyrir markhópi verksins og þarf t.d. að skoða orðskýringarnar í upphafi þess. Ef lesandi hefur lítil sem engin kynni af íslamstrú þá er erfitt fyrir lesanda að túlka hvað höfundur á við. Storhaug fjallar einnig ítrekað um „gildi íslams“ og segir t.a.m.: „Við stöndum núna við þessi vegamót: Vogum við okkur að ganga til uppgjörðs við hinn einnig breyska mann Múhameð og þar með grundvallaratriðin í hugmyndafræði íslamskrar trúar“⁸¹. Í þessum orðum má bæði finna ákall til lesanda og alhæfingu um trúarbrögðin. Lesandi sem ekki er fær um að mynda ákveðnar tengingar verður að leita á öðrum stöðum í verkinu, eða út fyrir það, til þess að fylla í eyðuna. Svör við því hvort „við [vogum] okkur að ganga til uppgjörðs“ getur lesandi fundið síðar í verkinu, til dæmis í umfjöllun höfundar um Winston Churchill sem hún fjallar um í kaflanum „Bjargvættur Evrópu“⁸² og vitnar beint í: „Blóð- og stríðstrúarbrögð [íslam] standa augliti til auglitis við hin friðsælu [kristni]. Sem betur fer er friðsæla trúin betur vopnum búin en hin.“⁸³

Kennsl (e. identification) lesanda eiga sér stað þegar hið ókunnuga í textanum sameinast upplifun lesanda. Markmið höfundar með þessu er að flytja tiltekna upplifun, sem og viðhorf gagnvart tiltekinni upplifun. Með þessu ýtir höfundur undir ákveðin viðhorf hjá lesanda.⁸⁴ Storhaug dregur fram ýmis atriði úr samtímanum sem vakið hafa óhug og hræðslu og fangar þannig athygli lesandans. Hún, sem og þýðandi verksins, stíla á þennan hátt inn á ákveðinn ótta Evrópumannsins við hið ókunnuga. Línurnar eru lagðar aftan á verkinu, þar sem stendur: „Frelsisgildi Evrópu eru undir stöðugt meiri þrýstingi. Öryggi allra er ógnað. Ekki sér fyrir endann á þessari þróun. Fólkhorfir áhyggjufullt til framtíðar. Hvernig verða lífsskilyrði afkomenda okkar?“⁸⁵ Hvernig

⁸⁰ Iser. „The Reading Process“, bls. 193.

⁸¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 33.

⁸² Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 104.

⁸³ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 105.

⁸⁴ Iser. „The Reading Process“, bls. 202.

⁸⁵ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, kápa.

höfundur texta kýs að raða upp einingunum hans getur þar af leiðandi skipt sköpum fyrir túlkun lesanda. Sá lesandi sem höfundur gerir ráð fyrir í textanum skiptir miklu máli við lestur textans. Sá lesandi sem er ófær um að taka við þeim tengingum sem höfundur býður upp, hvort sem það er bakgrunnur lesanda, hugmyndafræði eða uppruni sem veldur, þá getur lestur verksins haft öfug áhrif. Lesandi getur þá notað aðferð heimspekingsins Jaques Derrida og afbyggt (e. deconstruct)⁸⁶ textann og skoðað þær hugmyndir sem birtast þar nánar. Þannig getur upplifun textans einmitt haft öfug áhrif ef lesandi samsamar sig ekki hugmyndum höfundar og leggur ekki traust á þá þekkingu sem höfundur ber fyrir sig. Storhaug gerir þó að vissu leyti ráð fyrir þessum „and-lesanda“ og gerir tilraun til þess að svara ákveðinni gagnrýni og skapar rými fyrir eigin svör. Dæmi um þetta má sjá í setningum á borð við: „Nú gæti lesandinn grunað mig [...]“⁸⁷

Storhaug lýkur nær hverjum kafla verksins með því að tala beint til lesanda eða varpa fram spurningum. Hér má nefna setningar á borð við: „Tími er kominn til þess að við sem samfélag losum andlegu öryggisbeltin“⁸⁸ og „[þ]á voru vandamál vegna íslams nær óþekkt í Noregi, að minnsta kosti á yfirborðinu. Spyrja má hvort menn muni þora að endurútgefa nýja afmælisútgáfu í Noregi.“⁸⁹ Með því að ljúka hverjum kafla með merkingarbærum fullyrðingum eða ályktunum á borð við þessar eykur Storhaug áhrif verksins og skilur lesanda eftir bæði með þá tilfinningu að hann sé að lesa vandaðan texta frá upplýstum fræðimanni og texta sem skiptir miklu máli fyrir samtíma okkar og framtíð Vestursins. Á sama tíma kyndir höfundur undir ótta lesanda gagnvart hinu ókunnuga og byggir upp ákveðna óvissu gagnvart framtíð Evrópu.

4. Hin eilífa Evrópa

Vald Hege Storhaug í *Þjóðarpláganni íslam* felst að mörgu leyti í fyrrnefndri nálægð hennar við lesanda og þeirri sérþekkingu sem hún beitir fyrir sig. Höfundur er sjálf, líkt og marklesandinn, afurð móður Evrópu – fædd og alin upp í Vestrinu. Í þessu sambandi felst grundvöllurinn að trausti höfundarins. Höfundurinn ber hagsmuni Vestursins fyrir

⁸⁶ Afbygging (e. deconstruction) er aðferð innan bókmenntagreiningar sem eignuð er franska heimspekingnum Jacques Derrida. Afbygging er aðferð til þess að greina og taka í sundur texta, eða hluta af textum, til þess að afhjúpa ósamræmi og mótsagnir innan þeirra. Kjarni afbyggingar felst í tilraun til þess að rífa niður yfirhylmingu sem textar nota til þess að skapa tálýsýn stöðugar eða fastmótaðrar merkingar. Fyrir greinargott yfirlit um afbyggingu sjá: Bertens, *Literary Theory*, bls. 102-105.

⁸⁷ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 36.

⁸⁸ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 107..

⁸⁹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 107.

brjósti og og hefur óbilandi trú á því sem hún telur vera kosti Evrópu. Þar af leiðandi aukast áhrifin þegar höfundur biðlar til lesanda að vernda gildi Evrópu og þau fastmótuðu samfélög Vestursins sem hún gengur út frá: „Fyrir um það bil fimm árum var ég þeirrar skoðunar að svarið við því hver yrðu örlög móður Evrópu myndi liggja fyrir innan 10 til 20 ára.“⁹⁰ Evrópa er kvengerð sem „móðir“ okkar í Vestrinu. Þessi táknmynd vinnur náði með fyrrnefndum hugmyndum um að „hinir“ eigi ekki sömu rætur og við og séu „okkur“ þar af leiðandi ókunnug. Vestrið hefur verið miðpunktur í alþjóðasamfélaginu um aldir. Hugmyndin um hina dýrðlegu Evrópu er undirliggjandi í verkinu þar sem höfundur skipar þessum heimshluta, sögu hans, menningu og trúarbrögðum, ofar öðrum. Aftan á bókarkápu verksins í íslenskri þýðingu má t.d. sjá: „Frelsisgildi Evrópu eru undir stöðugt meiri þrýstingi. Öryggi allra er ógnað.“⁹¹ Hugmyndinni um hnignun Evrópu er haldið að lesanda á sama tíma og hann er nærður á hugmyndum um yfirburði álfunnar. Á sama tíma og Evrópa er suðupunktur snilligáfu þá stendur hún á hengibrún og horfir niður í hyldýpi upplausnar.

Vestur-Evrópa hefur lengi verið upptekin af því að hámarka sig og bæta. Undir lok 19. aldar og við upphaf hinnar 20. varð tengingin á milli heilsu og líkamans sérstaklega áberandi. Á eftirstríðsárunum urðu hugmyndir um heilsu miðlægar í þjóðfélagsumræðunni og líkaminn fór á sama tíma að verða táknmynd fyrir þjóðríkið. Hann var jafnframt notaður til þess að lýsa einstakri menningu, kynþáttum eða vestrænu samfélagi í heild sinni.⁹² Á sama tíma hafa hugmyndir um hnignun og mannkynbætur lengi verið hluti af umræðu Vestursins og eiga þær hugmyndir sem birtast í *Þjóðarplágunni íslam* sér ákveðna forvera. Þeir forverar finnast t.a.m. í umræðum í Bandaríkjunum á 20. öld um sjúkdóma og hreysti innflytjenda úr fátækrahverfum⁹³ sem að vissu leyti eru sambærilegar við þá orðræðu sem Storhaug beitir fyrir sig þegar hún heimsækir tiltekin hverfi evrópskra borga, í *Þjóðarplágunni íslam*.

Í þessum kafla verður fjallað um þá mynd sem höfundur *Þjóðarplágan íslam* birtir af Evrópu og Vestrinu í verkinu. Höfundur dregur upp mynd af saklausri Evrópu og „vöggu mannréttinda“. Þær hugmyndir sem birtast í verkinu verða einnig skoðaðar út frá væntingaumræðunni og viðtökum lesenda sem fjallað var um í kaflanum hér að

⁹⁰ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 416.

⁹¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. Kápa.

⁹² Christopher Wilk, *Modernism: Designing a New World* (London: V&A Publishing, 2006), bls. 249 – 267, hér bls. 250 – 253.

⁹³ Daniel E. Bender, „Perils of Degeneration: Reform, the Savage Immigrant, and the Survival of the Unfit“, *Journal of Social History*, 42/1 (haust 2008), bls. 5-29 og 249 – 267, hér bls. 6.

framan, en hugmyndin um fall Evrópu er að mörgu leyti grundvöllur samræðu Storhaug við lesendur.

4.1 Yfirburðir móður Evrópu

Hugmyndir um yfirburði Evrópu eru mjög ráðandi í *Þjóðarplágunni íslam*: „Evrópa er vagma mannréttindanna og henni tókst að frelsa sig frá syndum og átökum fortíðar. Vegna þessa spruttu fram á evrópska meginlandinu frjáls, friðsamleg, velmegandi og jafnréttissinnuð ríki sem voru ósigrandi á sinn hátt.“⁹⁴ Hér fer höfundur stórum orðum um kosti móður Evrópu í vestri, frjálsa og ósigrandi. Höfundur setur greini á orðið mannréttindi og gefur lesanda þannig tilfinningu fyrir því að álfan sé ekki einungis vagma mannréttinda heldur „mannréttindanna“, sem hafa vaxið í hennar miskunnsama skauti. Á sama tíma og höfundur lýsir yfirburðum álfunnar varar hann lesanda við „förufólki frá Miðausturlöndum, Afríku og Asíu sækir að landamærum álfunnar.“⁹⁵ Undirliggjandi í þessum hugmyndum er ákveðin eðlishyggja um að Vestrið sé í raun sterkara og mikilvægara heldur en Austrið, líkt og fjallað var um hér að framan. Eðlishyggjan felst í þeirri hugmynd að stöðnun íslamstrúar hindri Austrið í því að þróast áfram. Þessi orðræða um yfirburði Evrópu er til þess fallin að ýta undir tilfinningu lesandans fyrir að álfan sé á barmi glötunar. Forn frægð Evrópu er að falli komin vegna afskiptaleysis stjórnvalda og „elítunnar“. Höfundur stillir, svo dæmi sé tekið, Winston Churchill upp sem andstæðu hinna afskiptalaus stjórnvalda nú á dögum og kallar hann bjargvætt Evrópu, „sem við getum vísast þakkað fyrir að hafa bjargað Evrópu frá nasisma Adolfs Hitlers“. ⁹⁶ Hér minnir Storhaug lesanda á annað mein Evrópu, nasismann, sem hún minnir hann reyndar reglulega á í gegnum verkið. Illska nasismans og illska íslam eru þar með á vissan hátt fléttaðar saman. Móðir Evrópa er miskunnsöm, máttug en saklaus, en hún er ekki ósigrandi. Þessar hugmyndir kallast vel á við fyrrnefndar kenningar Edwards Said um orðræðu óríentalismans og hinn blóðþyrsta araba.

Samkvæmt orðræðu *Þjóðarplágunnar íslam* er Evrópa í stöðugri þróun ólíkt „þúsund ára stöðnun“⁹⁷ íslams. Hún er lofuð fyrir að vera það sem Austrið er ekki: „Hvað þýðir það að trúarbrögð sem aldrei hafa gengið í gegnum endurskoðun eða

⁹⁴ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 379.

⁹⁵ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, kápa.

⁹⁶ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 104.

⁹⁷ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 251.

umbætur, en eiga upphafsrætur sínar í arabíska eyðimerkursandinum á sjöundu öld, hafa náð fótfestu í Noregi?⁹⁸ Íslam og Austrið tákngerast í textanum sem andstæður Evrópu, sem höfundur lýsir nokkrum blaðsíðum síðar: „Það tók mig aðeins tólf mínútur, næstum upp á sekúndu, að fara fótgangandi frá því sem við berum kennsl á sem einkenni höfðinglegrar, velmegandi og virðulegrar evrópskar menningar.“⁹⁹ Orðaval Storhaug hér er sérstaklega gildishlaðið. Evrópa er höfðingleg, hún drottnar yfir, vald og yfirburðir eru arfleifð hennar á sama tíma og hún er velmegandi og virðuleg, ólíkt Austrinu sem er staðnað og vanþróað. Þessi orðræða samrýmist einnig fyrrnefndum hugmyndum óríentalismans, þar sem gert var ráð fyrir því að íslam væri á þann hátt sem óríentalistar sögðu það vera. Einnig var gert ráð fyrir því að íslam nútímans¹⁰⁰ væri ekkert meira en styrkt mynd af íslam fyrri alda, þar sem gert er ráð fyrir því að nútíminn samkvæmt íslam væri fremur svívirðing en áskorun. Íslamskur óríentalismi sýndi þar með enn skarpari línur milli Austurs og Vesturs, sem endurspegladist í íslam.¹⁰¹ Það sem *Þjóðarplágan íslam* kallar menningarheim íslam í Austrinu er því staðnað, þar sem gengið er út frá þeirri mýtu óríentalismans að nútíminn sé móðgun við trúarbrögðin og að framför, líkt og sú sem Storhaug eignar Evrópu, skarist á við eðli múslimans. Samkvæmt Said var Austurlandabúinn tengdur við ákveðna neikvæða þætti innan vestrænna samfélaga: hinn brjáláða, konur, fátæka og afbrotamenn. Þau voru framandi og ekki var litið á þau sem borgara eða fólk heldur sem vandamál sem þurfti að vinna úr.¹⁰² Í *Þjóðarplágunni íslam* eru ýmsir lestir og brot veikra einstaklinga innan borgarsamfélaga yfirfærð á drengi í hverfum múslima í Frakklandi. Storhaug fjallar um nauðganir og fíkniefnaneyslu ungra drengja af erlendum uppruna í Frakklandi á sama tíma og hún fjallar um uppsveiflu íslamskra laga sem höfundur telur eiga sér stoð í þessum hverfum. Þetta kallast einnig á við fyrrnefndar hugmyndir um það að allur breyskleiki múslima felist í kjarna þess að þeir aðhyllist í raun íslam. Samkvæmt Said felst skýringin á þessu einmitt í því að hefðin sé sú að austurlenskur maður er fyrst og fremst austurlenskur og síðan er hann mennskur.¹⁰³

4.2 Mannkynbætur og meinin meðal „okkar“

⁹⁸ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 18.

⁹⁹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 48.

¹⁰⁰ Með „íslam nútímans“ er átt við nútímann í skilningi 20. aldar, þegar *Orientalism* er rituð. Hinsvegar eiga þessar hugmyndir að mínu mati enn stoð í orðræðu nútímans á 21. öld.

¹⁰¹ Said, *Orientalism*, bls. 261.

¹⁰² Said, *Orientalism*, bls. 207.

¹⁰³ Said, *Orientalism*, bls. 231.

Í bókinni *Mannkynbætur. Hugmyndir um bættu kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld* fjallar Unnur B. Karlsdóttir m.a. um hugmyndir um bættan kynstofn í Evrópu og þjóðernishyggju. Samkvæmt Unni er þjóðernishyggja margþætt fyrirbæri sem í grunninn snýst um völd ríkisins. Þjóðernishyggja kveður jafnframt á um að þjóðerni hópsins og pólitísk heild skuli fara saman.¹⁰⁴ Í *Þjóðarplágunni íslam* fjallar Hege Storhaug markvisst um það að hnignun Evrópu sé yfirvofandi vegna tiltekinna gilda og hugmynda sem trúarbrögðin íslam færa inn í álfuna. Gengið er út frá því að hugmyndir trúarbragðanna séu fastmótað fyrirbæri sem eigi sér ekki stoð í evrópsku þjóðfélagi, sem er einnig fastmótuð menningarheild. Þrátt fyrir að höfundur skipti múslimum upp í tvo hópa hefur sú aðgreining takmarkað vægi í orðræðu eins og þessari, sem alhæfir um múslima í heild sinni. Lesandi er ekki fær um að fylla inn í þá eyðu sem höfundur skilur eftir hér: „Fjandsamleg afstaða múslima til annarra þjóðfélagshópa var mjög greinileg.“¹⁰⁵ Með því að ginkeyptir Evrópubúar hafa verið tældir inn í trúarbrögðin telur höfundur borgir í Evrópu vera á barmi upplausnar og falls, vegna trúarbragðanna. Hér birtist einnig ákveðin kvengerving Austursins sem Said eignar óríentalískri orðræðu þar sem Austrið er tengt við neikvæð gildi líkt og hinn tælandi kvenleika.¹⁰⁶ Ef múslimar ætla að verða gjaldgengir í Evrópu og fá að lifa og hrærast í Vestrinu verða þeir að afsala sér menningarlegri arfleifð á þann hátt sem höfundur telur vera við hæfi. Storhaug útlistar nokkuð nákvæmlega hvernig hefðir eru við hæfi og hverskonar trúarbrögð múslimar mega stunda til þess að geta verið partur af Vestrinu. „Menningarlega séð eiga þessi föt heima í Pakistan“¹⁰⁷ segir Storhaug er hún fjallar um þann klæðnað sem hún sjálf kys að klæðast er hún heimsækir lönd í Austri. Það þarf að endurbæta þá múslima sem sækja inn í Vestrið, afhjúpa Austrið sem býr innra með þeim og reka þá á brott ef þeir samræmast ekki fastmótuðum gildum „okkar“. Annars mun ógnin ná bólfestu víðar í Evrópu: „Þau eru mikilvægust því áhangendur þeirra ráðast ekki inn í Noreg og Evrópu. Þeir flytjast þangað og skapa þar sín eigin samfélög.“¹⁰⁸

Samkvæmt Storhaug á menningarlegur aðskilnaður sér stað vegna þess að óvinir okkar úr stöðnuðu Austrinu flykkjast inn í hina þróuðu Evrópu þar sem mannréttindi blómstra og brjóta niður stoðir „okkar“. Hege Storhaug heimsækir þessi „samfélög“

¹⁰⁴ Unnur B. Karlsdóttir, *Mannkynbætur*, bls. 69

¹⁰⁵ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 364.

¹⁰⁶ Said, *Orientalism*, bls. 207.

¹⁰⁷ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 35.

¹⁰⁸ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 387.

sem hún telur vera að byggjast upp innan Evrópu í bókarköflunum: „Marseille – skýrsla frá hinni töpuðu borg“, „Íslamska lýðveldi Bretlands“ og „Malmö - norræna Marseille“. Þar bregður hún sér í það sem hún telur vera klæði óvinarins, setur upp slæðu og gengur um og rannsakar. Löng hefð er fyrir rannsóknum Vestursins á Austrinu. Á milli 1800 og 1950 voru skrifaðar yfir sextíu þúsund bækur um Austurlönd nær á meðan nær engin sambærileg bók var skrifuð af Austri um Vestrið.¹⁰⁹ Rannsóknir á borð við óformlega skoðunarferð Storhaug á sér þar með ákveðnar hliðstæður, bæði í rannsóknum óríentalista á Austrinu sem Edward Said fjallar um í *Orientalism* og t.d. í rannsóknum á fátækrahverfum í Bandaríkjunum í upphafi 20. aldar sem Daniel E. Bender fjallar um í grein sinni „Perils of Degeneration“. Þar fjallar Bender um rannsókn vestrænna nemenda frá virtum háskólum í Bandaríkjunum á fátækrahverfum innflytjenda, sem gerðu þau að rannsóknarefni sínu. Þar með var þessum hverfum breytt í einhverskonar vísindalega rannsóknarstofu líkt og Storhaug gerir í fyrrnefndum heimsóknum sínum. Nemendurnir sökkту sér ofan í menningu fátækrahverfanna og trúðu sér inn á þau svæði sem stundum voru kölluð „úrgangur siðmenningarinnar“. Skýrslur frá þessum nemendum voru uppfullar af samlíkingum og því málfari sem var að finna í mannfræði heimsvaldastefnunnar (e. Imperial anthropology). Rannsóknir á borð við þessar voru þar af leiðandi álitnar afhjúpun á raunveruleika úrkynjunar.¹¹⁰ Bender fjallar einnig um ótta Bandaríkjamanna við að óhreinslæti og ýmis mein breiddust frá fátækrahverfunum inn í samfélög „hinna siðmenntuðu“ og svipar því að mörgu leyti til ótta Storhaug við útbreiðslu íslam í Frakklandi, Bretlandi og öðrum vestur-evrópskum borgum.

Storhaug útvegar sér „íslömsk klæði“ og ferðast til Marseille: „Þar vildi ég sjá með eigin augum það sem franskir háskólamenn hafa greint frá á undanförunum árum bæði í ræðu og riti. Þetta eru hin svokölluðu „töpuðu svæði“ eða „lagalaus svæði“ stórborganna.“¹¹¹ Hún notar orðið „slys“ um það þegar innflytjendur fluttu inn í þessi fátækrahverfi, sem bendir til þess að þetta sé neikvæður blettur á samfelldri sögu Evrópu. „Mér líður eins og ég sé farfugl sem hefur lent í framandi landi. Ég finn sterka þörf fyrir að anda að mér frönsku lofti“¹¹² er sérstaklega áhugaverð og sláandi fullyrðing frá höfundu þegar hún heldur inn í mosku í Frakklandi. Hér er athugasemjulegt að Storhaug virðist líta á franskt loft sem ákveðna birtingarmynd fyrir hið hreina evrópska loft,

¹⁰⁹ Said, *Orientalism*, bls. 205.

¹¹⁰ Bender, „Perils of Degeneration“, bls. 11.

¹¹¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 36.

¹¹² Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 65.

hreinna og betra en loft Austursins sem hefur náð að smeygja sér inn og hreiðra um sig í moskunni í Frakklandi. Evrópa er samstæð heild, ólíkt hinu fjarlæga Austri, og Frakkland er táknmynd Vestursins, sem senn mun falla ef ekkert verður aðhafst. „Engin lönd eru jafn veraldleg og Frakkland“¹¹³ kveður höfundur á meðan hún fer fögrum orðum um aðskilnað ríkis og kirkju þar í landi. Með þessari umfjöllun stillir Storhaug Vestrinu upp sem veraldlegu og Austrinu sem andlegu og trúarlegu og andstæðurnar geta ómögulega skarast: „Frakkinn er þannig stimplaður sem framandi í sínu eigin landi.“¹¹⁴

4.3. Óttinn við hrun Evrópu

Frá því á miðri 19. öld skiptu tveir grunnþættir meginmáli í samskiptum Austursins og Vestursins. Annar þátturinn var vaxandi, kerfisbundin þekking Evrópu á Austrinu, þekking sem spratt af og nærðist á samskiptum við nýlendurnar, sem og vaxandi áhugi á hinu óþekkta. Hinn þátturinn var sá að Evrópa var valdhafinn.¹¹⁵ Þetta skiptir miklu máli þegar öll samskipti og umræða um Austrið er skoðuð nánar. *Þjóðarplágan íslam* virðist algjörlega skorta þennan söguskilning nema að því litla leyti sem Storhaug fjallar um „samviskubit“ Evrópubúa vegna heimsvaldastefnunnar, en það er einnig í takt við umfjöllun höfundar um valdhafa í Evrópu og veikleika þeirra.

Hugmyndir evrópskra heimsvaldasinna og Vestursins í heild sinni eru teknar fyrir í *Orientalism*. Þar er meðal annars fjallað um orðræðu Lords Balfour og fleiri valdamikilla Breta og Frakka um hvernig Vestrið taldi Austrið vera og hvernig Vestrið taldi best að móta og breyta Austrinu út frá forsendum Vestursins. Eftir að Frakkar réðust inn í Egyptaland átti að umbreyta svæðinu og íbúum úr skrælingjum til fyrrum glæsileika forn-Egyptalands; leiðbeina Austrinu í áttina að hinu nútímalega Vestri, gefa því form, sjálfsmynd og skilgreina það.¹¹⁶ Allt þetta hefur áhrif á það hvernig hugmyndir um Austrið verða til og mótast í Vestrinu allt fram til dagsins í dag. Í tungumáli Lords Balfour og fleiri aðila var Austrið eitthvað slæmt, eitthvað sem þurfti að rannsaka og aga.¹¹⁷ Það sama má segja um heimsóknir Storhaug inn á „töpuðu svæðin“ í borgum Evrópu. Storhaug er rannsakandi sem skoðar og metur. Hún ákveður sjálf að hún þurfi að sveipa sig felulitum til þess að gangast óvinveittri, óæðri menningu

¹¹³ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 39.

¹¹⁴ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 42.

¹¹⁵ Said, *Orientalism*, bls. 39.

¹¹⁶ Said, *Orientalism*, bls. 86.

¹¹⁷ Said, *Orientalism*, bls. 40.

„hinna“ á hönd: „Ég hef svo sannarlega tekið *hijabina* með mér af þeirri einföldu ástæðu að ég er *bæði* kona og tilheyri hvíta kynþættinum.“¹¹⁸

Í *Orientalism* fjallar Said um ákveðnar linsur sem ferðalangar úr Vestrinu nota til þess að rannsaka Austrið. Þessar linsur felast til dæmis í ferðalaginu þangað, sögunni, fábúlunni, staðalmyndinni og umdeilda ágreiningnum. Linsurnar mótuðu svo orðræðuna, ímyndina og samskiptin milli Austursins og Vestursins.¹¹⁹ Ferðalag Storhaug bæði til Pakistan, þar sem hún kveðst hafa „aflað sér mikillar þekkingar um menningarheim íslams“,¹²⁰ og til hverfa innflytjenda og múslima í Evrópu er þar af leiðandi hluti af ákveðinni hefð vestrænna óríentalista þar sem þeir heimsækja, rannsaka og dæma „hina“. Á sama hátt og Storhaug rannsakar það sem hún telur vera afmörkuð svæði Austursins í Vestrinu rannsökuðu einnig háskólanemar í Bandaríkjunum hverfi innflytjenda í upphafi 20. aldar.

Búseta óríentalista í Austrinu, líkt og dvöl Storhaug í Pakistan, fól í sér ákveðna persónulega upplifun eða persónulegan vitnisburð. Upplifun einstaklinga breyttist úr persónulegu skjali í ákveðið framlag til órientalismans. Innan texta þeirra var að finna umbreytingu frá persónulegri upplifun yfir í formlega yfirlýsingu; skrásetning Evrópubúa á því að hafa búið í Austrinu, og upplifað það, varð því að losa sig eða minnka umburðalyndu lýsingarnar í þágu orðræðunnar sem órientalismi hefur byggt á.¹²¹ Persónulegur vitnisburður Hege Storhaug frá Pakistan gefur einmitt rödd hennar ákveðinn hljómgrunn. Hún, sem vestrænn einstaklingur, hefur rannsakað Austrið með því að dvelja meðal „hinna“ sem nú hafa sótt til Evrópu. Dvöl hennar í Austrinu hefur því, með orðræðu órientalismans, gefið henni leyfi til þess að rannsaka, meta og skoða múslimann og íslam. Þar með fær höfundur leyfi til þess að meta hvort ógnin meðal „okkar“ sé réttmæt og sönn. Höfundur *Þjóðarplágunnar íslam* lýsir hverfum í Evrópu sem hún telur minna á hverfi í Mið-Austurlöndum og hefur orðræðan neikvæðan hljólm. Lesandi fær tækifæri til þess að hafa aðrar lýsingar, t.d. um stöðnun íslam, ofbeldi og hatur trúarbragðanna, til hliðsjónar og til þess að fylla í eyður höfundar: „úthverfin væru orðin eins og borgir í Miðausturlöndum.“¹²² Trúarbrögðin eru ekki hluti af Vestrinu og geta ekki þróast þar, né heldur geta þau að fullu átt hlutdeild í menningu Vestursins. Höfundur telur trúarbrögðin hafa tekið sér bólfestu í Frakklandi, sem hún hefur áður lýst

¹¹⁸ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 43.

¹¹⁹ Said, *Orientalism*, bls. 59.

¹²⁰ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, kápa.

¹²¹ Said, *Orientalism*, bls. 151.

¹²² Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 88.

sem uppsprettu upplýsingar, frelsis og lýðræðis, sem og lofað fyrir aðskilnað ríkis og kirkju: „Sjálftel ég að Frakkland sé nú komið á þann áfangastað að tala megum um „point of no return“ – það verður ekki aftur snúið. Róttæk kynslóð verður banabiti franska lýðveldisins.“¹²³ Með falli Frakklands kristallast fall Evrópu þar sem verkið byggir á þeirri sýn að Evrópa sé ein heild. Með því að stöðva ekki utanaðkomandi áhrif á álfuna erum „við“ að innsigla fall Frakklands og Evrópu. Andrúmsloft Austursins mun þá varanlega taka sér bólfestu í sál Evrópu. Höfundur gefur lesandanum tvær framtíðarmyndir af Evrópu og sú fyrri hljómar þannig: „Evrópa verður sjálf að gangast við því hver hún er, lyfta fána gilda sinna hátt á loft, og láta af skaplegri „góðmennsku“. Menning Evrópu á að hafa rétt og forgang.“¹²⁴ Í þessari heimssýn höfundar tekur Evrópa sig saman sem heildstætt, lokað svæði. Draugum fortíðar og samviskubiti yfir heimsvaldastefnu, þrælahaldi og öðrum myrkrum fortíðarinnar verður bægt frá og Evrópa mun berjast fyrir frelsi sínu. Hin myndin er þessi: „Við gætum líka séð fyrir okkur að þróunin verði ofbeldiskennnd. Nú höfum við þegar orðið vitni að því hvernig ástandið í mörgum af helstu borgum álfunnar minnir á borgarastyrjaldir. Það verður mjög erfitt að vinda ofan af þeirri þróun sem átt hefur sér stað í þessum borgum.“¹²⁵ Höfundur ýtir hér undir hræðslu lesanda, líkt og hún hefur gert gagnert í framvindu verksins. Hún vinnur með sameiginlegan ótta við styrjöld og setur hér, undir lok verksins, lokapunktinn við hvatningu sína til lesandans um að berjast gegn því sem höfundur lýsir sem sundrunu, ógn. Ef höfundur tekst vel til mun lesandi bregðast við hvatningunni, fylla í þessa túlkunareyðu og taka þátt í baráttunni gegn „hinum“.

¹²³ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 70.

¹²⁴ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 419.

¹²⁵ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 417.

5. Niðurlag: Vörn Vestursins og Zíón í Austri

Þjóðarplágan íslam byggir að mörgu leyti á ákveðinni sýn höfundar um Evrópu sem samstæða heild þar sem sameiginlegar minningar nýliðinna atburða höfða til hópsins. Textinn hefur yfirbragð hlutlægrar framsetningar enda koma bæði höfundur og þýðandi verksins nokkuð hreint til dyra varðandi ætlun sína með verkinu. Ákall höfundar felst því að mörgu leyti í hræðslu hennar við fall álfunar og ákalli eftir samstöðu Vestursins gegn aðsókn „hinna“. Á sama tíma höfðar höfundur til sjálfsmyndar Evrópu t.d. með því að fjalla um það sem Storhaug kallar „sektarmenningu“¹²⁶ Evrópu: „Nasisminn og ódæði nýlendutímanna eru kannski það tvennt sem hvílt hefur einna þyngst á herðum okkar.“¹²⁷ Höfundur er leiðandi í gegnum verkið og þarf lesandi að treysta höfundi og túlkun hans til þess að verkið hafi tilætluð áhrif. Höfundur vinnur með ákveðið sameiginlegt minni Evrópubúa bæði um helförina, nasismann og nýliðin hryðjuverk í Noregi, Frakklandi og víðar í Evrópu. Það er gert í þeim tilgangi að minna lesandann á þá ógn sem höfundur telur steðja að álfunni úr Austri. Áhugaverðar hugmyndir um gyðingdóm, gyðinga í Evrópu og zíónisma má greina í verkinu. Á fyrstu blaðsíðum verksins, á undan öðrum tilvitnunum má finna orðin: „Gyðingar Noregs og Evrópu eru kanarífuglarnir í kolanámunum okkar. Hætti þeir einn góðan veðurdag að syngja þá er öllu lokið.“¹²⁸ Tilvitninin stendur ein og er engum eignuð, ásamt því að vera það fyrsta sem lesandi les þegar hann opnar bókina. Bakgrunn þessarar setningar má eflaust finna í þeirri staðreynd að kanarífuglar voru áður fyrr notaðir til þess að fljúga um kolanámur, þegar fuglarnir hrundu niður vegna eittra efna höfðu námumennirnir tækifæri til þess að flýja. Þessi samlíking um gyðinga í Evrópu er ekki ný en hún hefur til dæmis birst í fréttaveitunni *Times of Israel*.¹²⁹ Þessi tilvitnun er ein af mörgum vísunum verksins í gyðinga, gyðingdóm og ríkið Ísrael á „vinveitta“ landsvæðinu í Austrinu. En hvers vegna fá vísanir í gyðingdóm slíkt vægi í verkinu?

Í safni tilvitnana sem fara á undan sjálfu verkinu má til að mynda finna tilvitnun í Erik Holsen þar sem segir: „Hver er skýringin á því að íslamistarnir eru ekki einungis í stríði gegn Vestur-Evrópu, Bandaríkjunum og Ísrael.“¹³⁰ Ísrael er hér flokkað með

¹²⁶ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 377.

¹²⁷ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. 378.

¹²⁸ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. bls 4.

¹²⁹ Elie Leshem, „Jews are like the canary in the coal mine“, *Times of Israel*, „Times of Israel“, 20. febrúar 2012, fyrirsögn < <http://www.timesofisrael.com/jews-are-like-the-canary-in-the-coal-mine/>>, sótt 18. desember 2016.

¹³⁰ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. bls 7.

Vestrinu, sem er að vissu leyti hluti af zíónískri orðræðu. Storhaug fjallar einnig markvisst um hatur íslam á gyðingdómi og líkir m.a. Múhammed spámanni við Adolf Hitler, en þar er hún aftur að höfða til hins samevrópska minnis um helförina og nasismann. Í sérstökum kafla þar sem höfundur fjallar um meint hatur íslam á gyðingdómi fjallar höfundur um ummæli tveggja stjórnarformanna Central Jamaat-e Ahl-e Sunnat moskunnar í Osló og svarar ummælum annars þeirra um gyðinga sem svo: „Þetta sagði hann sem sagt um gyðinga sem hafa, miðað við höfðatölu, miðlað meiru til hins ríka evrópska menningararfs en nokkur annar þjóðfélagshópur.“¹³¹ Þetta segir höfundur án þess að vísa í nokkrar skýrslur sem styðja þessa fullyrðingu. Hún fjallar ekki nánar um þetta heldur virðist taka þessari hugmynd um gyðinga sem gefinni. Hér er að auki aftur vikið að fyrrnefndum hugmyndum höfundar um afmarkaðar sjálfsmyndir og hópa sem og Evrópu sem fastmótað fyrirbæris með afmarkaðan menningararf. Þetta má túlka sem svo, að gyðingar sem hópur séu samþykktir í evrópsku samfélagi. Í raun má túlka orð Storhaug, ásamt fleiri fullyrðingum hennar í svipuðum dúr, á tvennan hátt. Storhaug getur hér verið að skrifa sig frá ákveðinni kynþáttahyggju og andúð almennt, sem á margt skylt við hugmyndir hennar um „hinn ríka evrópska menningararf“. Í öðru lagi getur Storhaug verið að skrifa sig inn í ákveðna hugmyndafræði zíonisma um Ísraelsríki í Austri sem varðstöð Vestursins í Austrinu. Edward Said fjallaði einnig um hugmyndafræði zíonisma í *Orientalism*. Samkvæmt Said er saga araba í Austrinu að mörgu leyti sköpuð af óríentalískri hefð, og síðar af hinni zíónísku hefð sem studdi við þá óríentalísku.¹³² Staðalmyndir af gyðingum á tímum fyrri heimstyrjaldarinnar höfðu mikil áhrif á þær ákvarðanir sem teknar voru í síðari heimstyrjöldinni. Eftir olúkrísuna 1973 varð ímyndin af arabanum í Austrinu meira ógnandi en áður. Þeir arabar sem birtir voru í fjölmiðlum voru greinilega semítískir (e. semetic), með stór nef og illilega svipi og var það greinileg áminning um að þessi þjóðfélagshópur væri kjarni allra „okkar“ vandræða í Vestrinu. Samkvæmt Said er þessi staðalmynd af arabanum úr austri í raun ákveðin yfirlærsla almenns gyðingahaturs yfir á hatur á arabanum. Persónan sem staðalmyndin fól í sér var í grunninn sú sama.¹³³ Þessar hugmyndir eru áhugaverðar ef þær eru skoðaðar í ljósi þeirrar myndar sem Storhaug birtir af gyðingum í *Þjóðarplágunni íslam*, þar sem gyðingurinn er ekki hluti af Evrópu heldur fremur eins og velkominn

¹³¹ Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, bls. bls 247.

¹³² Said, *Orientalism*, bls. 151.

¹³³ Said, *Orientalism*, bls. 259.

gestur, vinur úr Austri, sem á að vissu leyti hlutdeild í Vestrinu. Samkvæmt Said er íslamskur óríentalismi sér á báti varðandi þá orðræðu sem hann leyfir sér. Klisjur um það hvernig múslimar hafa sér fá að lifa frjálsar í orðræðunni meðan enginn myndi leyfa sér að tala svona um gyðinga. Þetta tengist því að músliminn er undir niðri ætíð syndugur vegna þess að hann er ekki zíónisti.¹³⁴ Með því að flétta þessari umfjöllun um gyðinga inn í frásögnina kemur Storhaug þar af leiðandi inn á ýmsa þætti í evrópskri sögu og menningu. Henni tekst að útfæra nánar og skilgreina hugmyndina um „múslimskan óvin“ Vestursins á sama tíma og hún minnir lesanda á aðra „vinveitta“ hópa. Þar af leiðandi getur lesandi staðfest það að hugmyndir hans um íslam byggist ekki á kynþáttahyggju.

Tengingin við gyðingdóm tengist bæði hugmyndum um *eyður* og *sjóndeildarhring væntinga*, þar sem lesandi sem hefur ákveðinn menningarlegan bakgrunn og getur lesið út úr þeim eyðum sem myndast út frá orðræðu um gyðinga og Ísrael í verkinu. Lesandi hefur einnig ákveðnar væntingar til verksins og getur sjálfur afskrifað ákveðnar hugmyndir og tengingar við rasisma og kynþáttahatur vegna umfjöllunar höfundar um gyðinga. Verkið snýr heldur ekki að því að fjalla um yfirburði hvíta kynþáttarins, heldur snýr *Þjóðarplágan íslam* að því að útskýra fyrir hinum vestræna lesanda ógnina úr Austrinu og hvernig íslam gæti orðið „okkur“ að falli. Niðurstaða greiningarinnar er því ljós. Hugmyndin um *hina* er greinileg í verkinu og höfundur nýtir sér ákveðnar staðalmyndir og mýtur sem hún gerir ráð fyrir að lesandi hafi til þess að koma á framfæri hugmyndum sínum um *hina*. Það er því hægt að beita kenningum Edwards Said um óríentalisma á verkið *Þjóðarplágan íslam* og kenningar Saids og greining hans á þeim staðalmyndum af arabanum og múslimanum sem hafa verið framleiddar í menningu Vestursins, bæði af fjölmiðlum og stjórnámálamönnum, hefur meira vægi í dag en nokkru sinni áður. Þrátt fyrir að Storhaug geri veika tilraun til þess að útlista hver munurinn á vinsamlegum múslimum, þeim sem hún kallar „Medínu-múslima“ og hefur verið fjallað um hér að framan, fellur sú skilgreining um sjálfa sig. Lesendur eru ófærir um að greina þar á milli vegna annarra afhæfinga í verkinu um íslamstrú, sem má t.d. sjá í titli verksins. Þessar staðalmyndir hafa haft og munu hafa ennþá alvarlegri afleiðingar í för með sér og með útbreiðslu bóka líkt og *Þjóðarplágan íslam* verður aðgreiningin milli „okkar“ og „hinna“ enn sterkari.

¹³⁴ Said, *Orientalism*, bls. 259.

Heimildaskrá

- Ashcroft, Bill og Pal Ahluwalia, *Edward Said* (London og New York: Routledge, 1999).
- Bender, Daniel E., „Perils of Degeneration: Reform, the Savage Immigrant, and the Survival of the Unfit“, *Journal of Social History*, 42/1 (haust 2008), bls 5-29.
- Bertens, Hans, *Literary Theory: The Basics*, (New York: Routledge, 2001).
- Cleveland, William L. og Martin Bunton, *A History of the Modern Middle East* (5. útg., Denver: Westview Press, 2013).
- Holub, Robert C., *Reception Theory: A critical introduction*(New York: Methuen & co., 1984).
- Iser, Wolfgang, „The Reading Process: A Phenomenological Approach“. *Modern Criticism and Theory*. Ritstj. David Lodge (2. útg. Harlow, Essex, Edinburg Gate: Pearson Education Limited, 2000), bls 188-204.
- Jauss, Hans Robert, „Literary History as a Challenge to Literary Theory“, *A Symposium on Literary History*, 2/1(1970), bls. 7-37.
- Jón Ólafsson, „Austur, vestur og ógnin við fjölmenningu“, *Ritið* 1/2006, bls. 367-386.
- Lerner, Marion, „Staðir og menningarlegt minni: Um ferðalýsingar og vörður“, þýð. Benedikt Hjartarson, *Ritið* 1/2013, bls. 9-28.
- Pappé, Ilan, *The Idea of Israel: A History of Power and Knowledge* (London og Brooklyn: Verso, 2014).
- Said, Edward, *Orientalism* (5. útg. London: Penguin Group, 2003).
- Smith, Charles, *Palestine and the Arab Israeli Conflict* (8. útg., Boston og New York: Bedford/st. Martin's, 2013).
- Storhaug, Hege, *Þjóðarplágan íslam*, þýð. Magnús Þór Hafsteinsson (Reykjavík: Tjáningarfrelsið, 2016).
- Unnur B. Karlsdóttir, *Mannkynbætur: Hugmyndir um bættu kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998).
- „Viðtökurannsóknir“, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, Jakob Benediktsson ritstýrði, (Reykjavík, Mál og menning, 1983).
- Wilk, Christopher, „The Healthy Body Culture“, *Modernism 1914-1939: Designing a New World*, ritstj. Christopher Wilk (London: V&A Publishing, 2006), bls. 249-267.